

Lögmannablaðið



10. árgangur
Júní
2/2004

- Samskipti lögmannna og siðareglur
- Úrskurðarnefnd lögmannna
- Frá aðalfundi og árshátíð
- Áfrýjun dóma í sakamálum
- Áhrif EES samnings á íslenskan skattarétt





SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á www.lt.is.

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, adgangur@lt.is eða 550-9600.

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-70567

Tölvupóstur: (E-mail):

lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,

formaður

Ragnheiður Bragadóttir hdl.,

varaformaður

Ólafur Rafnsson hdl.,

gjaldkeri

Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,

ritari

Jóhannes Albert Sævarsson hrl.,

meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir

félagsdeild

Guðný Gísladóttir

ritari

Blaðið er sent öllum

félagsmönnum.

Ársáskrift

fyrir utanfélagsmenn

kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað

kr. 400 + vsk.

ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Óflun ehf.,

sími 533 4440

- 4** GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:
Frá ritstjórn.
- 6** „Kröfur viðskiptamanna lögmannna til fagmennsku hafa vaxið“
Viðtal við Gest Jónsson, formann úrskurðarnefndar lögmannna.
- 9** JÓHANNES ALBERT SÆVARSSON:
Nokkrar hugleiðingar um samskipti lögmannna innbyrðis.
- 11** ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR:
Samskipti lögmannna.
- 14** GUNNAR JÓNSSON:
Pistill formanns.
- 16** Árshátið LMFÍ 2004.
- 18** Aðalfundur Lögmannafélags Íslands.
- 24** EYRÚN INGADÓTTIR:
Fréttir frá félagsdeild.
- 22** FRÍÐBJÖRN GARDARSSON:
Um áfrýjun dóma í sakamálum.
- 25** Af Merði lögmanni.
- 27** VALA VALTÝSDÓTTIR:
Áhrif EES samningsins á íslenskan skattarétt.
- 29** Hið konunglega meistaramót LMFÍ í knattspyrnu
innan húss 2004.
- 30** LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR:
Reynsla af málf lutningi við val á dómurum.
- 31** Norræna málf lutningskeppnin.

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ritnefnd: Daði Bjarnason hdl., Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.,
Einar B. Árnason hdl., Guðfinna J. Guðmundsdóttir hdl. og
Gylfi Thorlacius hrl.



FRÁ RITSTJÓRN

Sjaldan eða aldrei hefur at-
hygli fjölmiðla og almenn-
ings beinst eins mikið að störf-
um okkar lögmannna og fræði-
grein okkar, lögfræði, eins og
undanfarið.

Staðreyndin er sú að fjöl-
miðlar, sama hverjir eigendur
þeirra eru, hafa í dag mikil
áhrif á störf lögmannna, sérstak-
lega í þeim málum sem koma
fyrir dómstóla. Þannig má búast við því
að niðurstaða héraðsdóms eða Hæstarétt-
ar í einstökum máli sé komin í fréttir rétt
eftir dómsuppsögu og jafnvel áður en
viðkomandi málflytjandi hafi náð að
kynna sér efni dómsins nægilega og
kynna fyrir umbjóðanda sínum.

Sú spurning vaknar óhjákvæmilega við
mat á því hvort áfrýja eigi dómi til
Hæstaréttar hvort aðili dómsmáls sé til-
búinn að fá aðra umfjöllun um málið, eða
eftir atvikum útreið, í fjölmiðlum eftir
dóm Hæstaréttar. Staðreyndin er því mið-
ur sú að þegar fjölmiðlar fjalla um dóms-
mál þá einblína þeir yfirleitt einungis á
niðurstöðuna en líta framhjá þeim lög-
fræðilega ágreiningi sem var uppi í mál-
inu, um túlkun laga og réttarheimilda og
þar með sjónarmiðum aðila málsins.

Mun alvarlegra er þegar fjölmiðlar
komast yfir upplýsingar eða gögn í opin-
beru máli og birta við upphaf rannsóknar



**Guðrún Björg
Birgisdóttir**
hdl.

eða á rannsóknarstigi, án tillits
til rannsóknarhagsmuna eða
þeirra einstaklinga sem hlut
eiga að máli. Ritstjóri hefur
orðið vitni að slíkri fjölmið-
laumfjöllun þar sem engir fyr-
irvarar voru gerðir um að rann-
sókn málsins væri að hefjast
heldur var hinn kærði fundinn
sekur og margvíslegar ávirð-
ingar bornar á kæranda.

Þar er reyndar ekki við fjölmiðla að
sakast heldur frekar þá aðila sem hafa
viðkomandi upplýsingar og eiga að varð-
veita sem trúnaðarmál en gera það ekki.

Hlutverk fjölmiðla er að flytja fréttir.
Mat á því hvað þykir frétt næmt hverju
sinni hlýtur því alltaf að vera hjá fréttam-
önnum og ritstjórn viðkomandi fjöl-
miðils. Fjölmiðillinn verður hins vegar
að vera algerlega hlutlaus í frétttaflutningi
sínum til almennings. Einstakar skoðanir
fréttamanna, ritstjórnar eða eftir atvikum
eiganda fjölmiðils um tiltekna frétt, eiga
ekki að vera sýnilegar í frétttaumfjöllun-
inni heldur birtast á öðrum vettvangi.

Að lokum ítrekar ritstjóri þá ósk að fé-
lagsmenn sendi inn greinar eða áben-
dingar um hugðarefni sín þannig að Lög-
mannablaðið geti þjónað þeim tilgangi
að vera vettvangur skoðanaskipta lög-
manna.

Gleðilegt sumar!



... ekki fara í fríið



Securitas
öryggi

með áhyggjur af heimili og bíl

Þú vinnur allt í senn öryggi, þægindi og velliðan þegar þú tryggir þér Securitas öryggi áður en þú ferð í fríið. Auk þess sem þú gætir sparað þér stórfé vegna tjóns.

- Billinn verður í öruggri varðveislu í Leifsstöð og þú getur stigið upp í hann tandurhreinan við heimkomu.
- Heimili þitt nýtur gæslu gegn innbrotum, leka eða bruna.

Tryggðu þér Securitas öryggi

Eitt símtal núna, síminn er 580 7000 og við gerum okkar til þess að þú njótir góðrar ferðar.



Innbrotakerfi • Aðgangsstýrikerfi • Öryggismyndavélar • Mönnuð gæsla • Öryggishnappur • Vöruverndarhlíð • Slökkvitæki
Brunaviðvörðunarkerfi • Sjálfvirk slökkvikerfi • Verðmætaflutningar • Farandgæsla • Hústjórnarkerfi • Rýrnunareftirlit

„Kröfur viðskiptamanna lögmannna til fagmennsku hafa vaxið“

Viðtal við Gest Jónsson hrl., formann
úrskurðarnefndar lögmannna

Úrskurðarnefnd lögmannna hefur starfað frá árinu 1999 en fyrir þann tíma var það verkefni stjórnar LMFÍ að afgreiða ágreiningsmál um þóknun lögmannna og erindi sem fólu í sér kvörtun á hendur lögmonnum.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að fjalla um ágreining sem verður milli lögmanns og umbjóðanda hans um þóknun og um kvartanir á hendur lögmonnum frá aðilum vegna háttsemi, sem kann að stríða gegn lögum eða siðareglum LMFÍ. Þá fjallar nefndin um erindi sem stjórn LMFÍ sendir henni skv. 3.mgr. 43.gr. siðareglna lögmannna.

Nefndin heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og að jafnaði hafa rúmlega 40 mál borist nefndinni á ári. Formaður nefndarinnar frá upphafi hefur verið Gestur Jónsson hrl., en hann er skipaður af Hæstarétti Íslands.

Lögmannablaðið lagði nokkrar spurningar fyrir Gest Jónsson um starf nefndarinnar.

Ekki eru allir lögmennt á eitt sáttir um að þörf sé á sérstakri nefnd til þess að fjalla um ágreiningsefni þeirra við skjólstæðinga sína. Hvaða rök telur þú að séu fyrir tilvist úrskurðarnefndar lögmannna?

Þetta er auðvitað álitamál og þær raddir heyrast að nefndin sé óþörf. Tilvist hennar er hins vegar nátengd hugmyndinni um sjálfstæði lögmannastéttarinnar og eftirlitshlutverki lögmannafélagsins með störfum lögmannna. Úrskurðarvaldið var áður hjá félaginu sjálfu eða stjórn þess en með lögmannalögum frá 1998 var það flutt til þessarar sjálfstæðu nefndar þar sem lögmennt tilnefna tvo af fimm nefndarmönnum.

LMFÍ skipar tvo nefndarmenn af fimm en auk þess skipa dómismálaráðherra, Dómarafélag Íslands og Hæstiréttur Íslands hvert einn fulltrúa. Kemur fyrir að nefndarmenn séu ekki samála um niðurstöðu mála eftir því hvernig þeir koma að nefndinni?

Það er algengt að mismunandi sjónarmið komi fram á fundum nefndarinnar. Vissulega má stundum greina ólíka nálgun nefndarmanna eftir því hvaðan þeir koma, ef svo má segja. Reynslan sýnir hins vegar að nánast undantekningarlaust næst samhljóða niðurstæða innan nefndarinnar og ég held að ég hafi aldrei setið í máli þar sem nefndin hefur klofnað.

Nú afgreiddi nefndin 38 mál árið 2003 en af þeim voru 19 sem lauk með sýknu, þ.e. ekki var talið að kvörtun væri réttmæt, telur þú að „kvörtunarleiðin“ sé of opin?

Það er viss hættæ á því að svo opið úrræði sem þessi kvörtunarleið er leiði til þess að það verði



Úrskurðarnefnd lögmanna f.v. Marteinn Másson hdl., en hann er starfsmaður nefndarinnar, Kristinn Bjarnason hrl., Friðgeir Björnsson héraðsdómari, Gestur Jónsson hrl. og formaður nefndarinnar, Bjarni Þór Óskarsson hrl. og Elín S. Jónsdóttir framkvæmdastjóri Dómstólaráðs en hún kom inn á fundinn sem varamaður Hrefnu Friðriksdóttur hdl.

misnotað og nefndin drukkni í verkefnum. Það hefur reyndar ekki enn gerst en máluðum má ekki fjölga mikið til þess að forsendur breytist. Mér fyndist koma til álita að sá sem leggur fram kvörtun til nefndarinnar þurfi að leggja fram hóflegt kærugjald. Það mætti svo eftir atvikum endurgreiða kærugjaldið komist nefndin að niðurstöðu um að kvörtun hafi verið á rökum reist.

Eru öll mál sem lögð eru fyrir nefndina tekin fyrir?

Að því gefnu að mál séu í því formi að hægt sé að taka þau fyrir er það gert. Það er svo annað mál að nefndin hefur lög bundið verksvið og þegar erindi berast sem ekki verða felld undir verksvið nefndarinnar, sem stundum gerist, þá er þeim vísað frá með rökstuðningi.

Hve langur tími líður frá því mál er lagt fram og þar til úrskurður liggur fyrir? Eru einhver tíma-mörk?

Það er misjafnt hve langan tíma málsmeðferðin fyrir nefndinni tekur. Flest mál klárast á nokkrum mánuðum en því miður dregst málsmeðferðin í einstaka tilvikum. Núna eru 19 mál til meðferðar hjá nefndinni sem er vísbending um að meðal afgreiðslutíminn sé innan við hálf t. ári. Eitt

málanna er frá árinu 2002 og fimm frá fyrri hluta árs 2003. Afgreiðslutíminn ræðst mjög af því hversu greiðlega málsaðilar svara erindum nefndarinnar.

Hverjir eru það sem kvarta til nefndarinnar, almenningur eða lögmenn fyrir hönd umbjóðenda?

Oftast er kvartað án aðstoðar lögmans þótt hitt sé ekki óalgengt. Sjálfsagt er það stundum þannig að lögmaður hefur aðstoðað viðkomandi málshefjanda þótt hann láti ekki nafns síns getið.

Hve oft má áminna lögmenn áður en farið er fram á sviptingu leyfis og hefur nefndin fleiri úrræði til refsingar?

Samkvæmt 27. gr. lögmannaálaganna eru þau viðurlög sem nefndin getur beitt aðfinnslur, viðvörðun, áminning og rökstutt álit til dómsmálaráðherra um sviptingu réttinda sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna. Nefndin hefur litið svo á að viðvörðun sé í raun ekki sérstök viðurlagategund heldur verði að túlka lagagreinina með þeim hætti að viðvörðun verði einungis beitt samhliða öðrum viðurlögum, ef sýnt þykir að ítrekað brot muni leiða til alvarlegru viðurlaga. Við það er miðað hjá nefndinni að annarri áminningu til sama aðila fylgi viðvörðun um að þeirri þriðju geti fylgt álit til dómsmálaráðherra um sviptingu réttinda, tímabundið eða ótímabundið eftir atvikum. Í því sambandi ber að hafa í huga að ítrekunaráhrif áminningar vara ekki endalaust.

Hefur reynt á sviptingu leyfis fyrir dómsmálaráðherra?

Nei, það hefur ekki gerst. Slíkt hefur þó komið til álita innan nefndarinnar í tveimur tilvikum. Í

öðru tilvikinu lagði viðkomandi lögmaður inn réttindi sín þannig að svipting leyfis gat ekki lengur átt við. Í hinu tilvikinu bárust andmæli frá lögmanninum við tilkynningu nefndarinnar um að fyrirhugað væri að senda mál hans til ráðherra á grundvelli 1. mgr. 14. gr. laganna. Á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram komu í andmælunum var fallist á að fresta ákvörðuninni, en lögmanninum jafnframt gerð grein fyrir því að kæmi til nefndarinnar á næstu tveimur árum erindi sem leiddi til viðurlaga yrði málið sent dómsmálaráðherra

Eru það mikið sömu lögmenirnir sem verið er að kvarta yfir við úrskurðarnefnd lögmanna?

Vissulega er það ekki þannig að kvartanirnar

dreifist jafnt á hendur öllum lögmönnum. Sumir fá á sig fleiri kvartanir en aðrir. Mér finnst þó að dreifingin sé mikil og reyndar finnst mér, án þess þó að ég hafi gert á því nokkra rannsókn, að ástandið sé öðru vísi að þessu leyti en var þau ár sem ég sat í stjórn LMFÍ. Á þeim tíma fannst mér kærumálin snúa yfirleitt að sömu mönnum. Þá tilfinningu hef ég ekki lengur í sama mæli. Mín tilfinning er sú að kröfur viðskiptamanna lögmanna til fagmennsku af þeirra hálfu hafi vaxið mjög á undanförunum árum og sem betur fer held ég að lögmenn hafi brugðist við þeirri kröfu með betri og agaðri vinnubrögðum en stundum þekktust hér áður fyrr.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmfi.is

Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Eggert Páll Ólason hdl.
Kaupþing Búnaðarbanki hf.
Borgartún 19
105 Reykjavík
S: 444-6000
Fax: 444-6189

Haldór Bjarnason hdl.
Lögmenn Mörkinni 1
Mörkinni 1
108 Reykjavík
S: 581-2122
Fax: 581-2150

Karl Óttar Pétursson hdl.
KB banki hf.
Austurstræti 5
101 Reykjavík
S: 525-6323
Fax: 525-6326

Snædís Gunnlaugsdóttir hdl.
Kaldbakur
640 Húsavík
S: 464-1504
Fax: 464-1503

Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti.

Logi Guðbrandsson hrl.
Aratúni 5
210 Garðabær
S: 471-2758

Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Dóra Sif Tynes hdl.
Og Vodafone hf.
Síðumúli 28
108 Reykjavík
S: 599-9170
Fax: 599-9001

Jörundur Gauksson hdl.
Lögbýli
Kaldaðarnes
801 Selfoss
S: 892-0372

Nýtt aðsetur:

Björn Þorri Viktorsson hdl.
Lögmenn Laugardal ehf.
Laugavegur 182
105 Reykjavík
S: 533-4800
Fax: 533-4811

Einar Þór Sverrisson hdl.
Lögmenn Laugardal ehf.
Laugavegur 182
105 Reykjavík
S: 533-4800
Fax: 533-4811

Friðjón Örn Friðjónsson hrl.
Lágmúli 7
108 Reykjavík
S: 581-1155
Fax: 581-1170

Hannes Júlíus Hafstein hdl.
Landsbanki Íslands hf.

Austurstræti 11
155 Reykjavík
S: 560-6830
Fax: 562-3908

Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.
Lögmenn Laugardal ehf.
Laugavegur 182
105 Reykjavík
S: 533-4800
Fax: 533-4811

Margrét María Sigurðardóttir hdl.
Skriðugil 1
603 Akureyri
S: 464-2800

Sigríður Kristinsdóttir hdl.
Regula – lögmannsstofa
Hafnarbraut 15
780 Hornafjörður
S: 580-7900
Fax: 580-7911

Nafnabreytingar á stofu:

Juris – lögfræðiskrifstofa sf.
Andri Árnason hrl.
Jón Sigurðsson hdl.
Pálína Margrét Rúnarsdóttir hdl.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
S: 533-5030
Fax: 533-5035

JURALIS – LÖGMENN FAXAFENI
Hallvarður Einvarðsson hrl.
Sveinn Guðmundsson hdl.
Faxafeni 5
108 Reykjavík
S: 533-5858
Fax: 533-5859

Nokkrar hugleiðingar um samskipti lögmanna innbyrðis



**Jóhannes Albert
Sævarsson**

hrl.

Lögmenn sem öðluðust málflutningsréttindi í gildistíð laga um málflytjendur nr. 61 frá 1942 fengu enga sérstaka fræðslu um inntak siðareglna lögmanna. Það gat því alveg verið undir hælinn lagt hvort lögmenn yfirleitt kynntu sér efni siðareglna lögmanna eða tileinkuðu sér þær í störfum sínum. Með nýjum lögmannaöðum nr. 77 frá 1998 er lögmannaöðum gert að sitja námskeið þar sem sérstaklega er fjallað um siðareglur og síðan þreytt prófraun úr námsefninu. Með því er tryggt að verðandi lögmenn fái þegar í upphafi ítarlega fræðslu um þýðingu siðareglna og beitingu þeirra. Reglur um samskipti lögmanna innbyrðis er að finna í IV. kafla Codex Ethicus (CE) fyrir Lögmannafélag Íslands og eru þær birtar í handbók LMFÍ. Siðareglurnar fjalla aðeins að nokkru um þau tilbrigði sem upp kunna að koma samskiptum milli lögmanna og þegar þeim sleppir mótast samskiptin af eðlilegum háttsemissreglum og hyggjuviti manna.

Almennt orðaða reglu um samskipti lögmanna innbyrðis er að finna í 25. gr. CE þar sem segir að lögmenn skulu hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Þeir skulu sýna hver öðrum þá tillitssemi, sem samrýmanleg er hagsmunum skjólstæðings. Regla þessi birtist í margvíslegum myndum og skulu aðeins fáein reynslutilvik höfundar rakin.

Lögmönnum hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að samsama sig um of málstað skjólstæðinga sinna. Við það tapi þeir að nokkru þeirri hlutlægu sýn sem nauðsynlegt er að hafa á hvert viðfangsefni. Í því kunna að leynast hættur sem gefa verður gaum. Ein er sú að lögmenn taki í ræðu og riti að persónugera hverjir aðra í málum skjólstæðinga sinna.

Þá er ekki við hæfi að henda á lofti eða hafa í flimtingum lögmanni gagnaðila til minnkunar hafi

honum á einhverjum stigum máls orðið fótaskortur í máltilbúnaði eða röksemdarfærslu, heldur svara með málefnalegum mótrökum einum hverju því sem að höndum ber. Að hnýta við meinlegum athugasemdum, þó færi gefist, þjónar í engu langtíma samskiptahagsmunum lögmanna og geta þau vopn hæglega snúist í höndum þeirra sem láta undan slíkum hvötum. Samfélag lögmanna er lítið sem leiðir tölfraðilega til þess að sömu lögmenn eiga líklega eftir að

hittast síðar. Lítilsvirðing sem sýnd hefur verið í samskiptum getur skilið eftir sig sárindi sem tekur tíma að lækna á meðan hófstíll og hrokaus framkoma vekur virðingu og skilur eftir orðstír sem erfitt er að spilla.

Sérfræðikunnátta lögmanna felst í að stýra farsællega málum skjólstæðinga þeirra, eftir atvikum í örugga höfn dómstóla, þar sem að lokum réttmæt ákvörðun er tekin. Til lögmanna er leitað sem sérfræðinga á tilteknu sviði þar sem þeir eru best til þess fallnir að stjórna ferð. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um það með hvaða hætti mál skuli rekið þá er það lögmanna með þekkingu sína að vopni að rata bestu leiðina að markmiðinu. Komi lausung á þetta fyrirkomulag, þannig að skjólstæðingurinn er kominn upp að hlið lögmanni við stjórnvölinn, þá gæti margt farið öðruvísi en ætlað var, einnig í samskiptum lögmanna innbyrðis. Hverjar svo sem ástæður málareksturs kunna að vera þá ber lögmanni að forðast að dragast inn í þær deilur skjólstæðings síns á þann hátt að hætta geti verið á að samskiptin við lögmann gagnaðila spillist. Skjólstæðingar lögmanna eiga ekki komast upp á milli lögmanna innbyrðis þannig að tortryggni myndist. Samskipti þeirra skulu áfram vera hlutlæg og heiðarleg þrátt fyrir ágengni og deilur skjólstæðinga þeirra. Lögmenn verða þannig að gæta þess vel að verða ekki of leiðitámir í samskiptum sínum við skjólstæðinga þannig

að persónuleg afstaða skjólstæðinga fari að móta samskipti lögmans. Skjólstæðingurinn hefur forræði á málefni því sem hann ber undir lögmann og felur honum að annast, á meðan lögmaður hefur forræði á samskiptum við lögmenn og dómstóla. Þar um liggja vébönd sem skjólstæðingi má ekki hleypa inn fyrir.

Til að undirstrika þetta má geta þeirrar góðu samskiptavenju sem hefur rutt sér til rúms að lögmenn takist í hendur eftir málflutning. Þetta hefur mörgum skjólstæðingum sem orðið hafa vitni að þótt harla sérstakt að lögmenn sem þannig hafa tekist á og deilt hart geti engu að síður innsiglað góð samskipti sín með handabandi eins og ekkert hafi í skorist.

Það má velja því fyrir sér hvort það falli ekki undir siðareglur um samskipti lögmanna hvernig lögmönnum ber að haga orðum sínum um aðra lögmenn í samskiptum við skjólstæðinga sína þegar lögmaður gagnaðila er hvergi nálægur.

Þegar rekin eru flókin og tilfinningarík mál þá kemur iðulega fyrir að vinnubrögð og verk lögmans gagnaðila verða skjólstæðingum lögmanna hugleikin. Lögmenn eiga að skýra út fyrir skjólstæðingum sínum þær leikreglur sem þar gilda og einkum þá skyldu sem á hverjum lögmanni hvílir að halda fram þeim sjónarmiðum sem samrýmanleg eru hagsmunum skjólstæðinga þeirra. Lögmenn eiga ávallt að haga orðum sínum og skýringum þannig að lögmaður gagnaðila njóti fyllsta sannmælis og hallmæla hvergi persónu hans, heldur verja þann rétt sérhvers lögmans að vera ekki af verkum sínum eða yfirleitt undir engum kringumstæðum samkenndur skjólstæðingi sínum.

Verk lögmanna eru oft tímafrek og biðstundir margar eftir niðurstöðu. Góð regla er að gera skjólstæðingum þegar í upphafi grein fyrir því hve mál muni sennilegast taka langan tíma í meðförum. Það minnkar álagið á lögmanninn og eyðir óvissu hjá skjólstæðingum um framgang og framvindu mála, sbr. 12. gr. CE. Þegar mál dragast þá tekur fljótt að gæta óþolinmæði hjá skjólstæðingum og upp kunna að koma ranghugmyndir um af hverju það stafi. Ef þessar vangaveltur vakna hjá skjólstæðingum er það ekki lögmansins að taka undir óánægjuraddir heldur leitast við að afla skýringa á því af hverju sá dráttur á máli sætir. Ef skýringarinnar er að leita hjá lögmanni gagnaðila ber að leita hennar með því að snúa sér beint til lögmansins og miðla síðan þeim upplýsingum sem fyrst til eigin skjólstæðings.

Hér getur stundum myndast togstreita á milli þess þegar skjólstæðingur krefst umsvifalausrar

málsmeðferðar og hins, sem flestum lögmönnum hefur reynst auðsött þegar leitað hefur verið eftir hjá lögmanni gagnaðila, að fá aukna fresti til öflunar gagna og greinargerðarskila utan réttar og fyrir dómi. Fyrir því er rík venja í samskiptum lögmanna að veita til slíks hæfilega viðbótarfresti enda komi fram rökstudd þörf á slíku, líklegt er að sá tími verði skynsamlega nýttur og frestur hafi ekki í för með sér réttarspjöll fyrir skjólstæðing. Lögmanni ber því að útskýra fyrir skjólstæðingi þær samskiptareglur sem lögmenn hafa komið upp innbyrðis og kunna að hafa í för með sér einhverja töf á framvindu mála. Slíkt dregur úr óþoli á meðan skortur á upplýsingum dregur úr biðlund skjólstæðinga.

Þessu skylt er þegar skjólstæðingur annars lögmans kemur á skrifstofu lögmans og vill reifa hugleiðingar sínar um lögmannaskipti. Þá hefur það reynst farsælt að fá strax fram upplýsingar um það hvað það er sem plagi viðkomandi. Komi fram vangaveltur sem byggja á misskilningi eða vanþekkingu á störfum lögmanna almennt þá er ekkert eðlilegra en að lögmaður skýri það út fyrir viðkomandi og leiðrétti. Ef frásögn þess sem ráða leitar gefur ekki tilefni til þess að málið verði fært frá einum lögmanni til annars og málinu er eftir sem áður talið vel borgið í höndum verandi lögmans, þá er rétt að lögmaður upplýsi um það álit sitt. Aftur á móti ef trúnaðarbesti er lýst milli skjólstæðings og lögmans þá ber að taka slíkt alvarlega. Lögmanni bæri þá sem endranær að gera viðkomandi grein fyrir réttinum til að færa mál sitt á milli lögmanna, þýðingu þess m.a. kostnaði og hverju slíkt gæti varðað.

Hnökrar í samskiptum lögmanna geta alltaf komið upp, þeim ber að fækka þó aldrei verði þeim alveg eytt. Margt af því sem ekki þykir gott í samskiptum er sett fram í ræðu í hugsunarleysi og af fljótfærni. Því er það góð regla að hugsa það tvisvar hvort það sem í fyrstu gæti virst hnyttíð geti um leið verið meiddandi eða skilið eftir særindi. Í riti er það góð regla að taka þankann með sér heim yfir nótt og velja fyrir sér hvort hann geti, þrátt fyrir sniðugheit, verið passandi þegar allt er virt m.a. sú staðreynd að lögmenn eigi síðar eftir að hittast á ný, undir öðrum kringumstæðum, í öðru máli, þar sem eldri ummæli og nasanún-ingur gæti orðið til trafala, þrátt fyrir einlægan ásetning um að láta það ekki trufla samskiptin framvegis. Hófstíllt orðaval og framkoma hefur reynst besta leiðin til farsælla samskipta milli lögmanna.

Samskipti lögmanna

Ritstjórn *Lögmannablaðsins* óskaði eftir því að ég ritaði grein um samskipti lögmanna með hliðsjón af siðareglum LMFÍ. Það fylgdi með að ég hefði frjáls efnis-tök, mátti skrifa grein í predikunar-stíl, segja gamansögur af sam-skiptum við lögmenn, nöldra eða hvað sem væri. Niðurstaðan var að skrifa geðvonskulega nöldurgrein. Ekki að ég hafi mikið undan sam-skiptum við aðra lögmenn að kvarta, veit heldur ekki svo sem hvort margir hafi undan mér að kvarta. En það er mein-hollt fyrir geðheilsuna að nöldra.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. lögmanna-laga nr. 77/1998 setur Lögmannafélagið siðareglur fyrir lögmenn. Það hefur félagið reyndar gert og voru þær upphaflega samþykktar 24. júní 1960. Siðareglurnar eru auðvitað nefndar upp á latnesku, eða Codex Ethicus fyrir Lögmannafélag Íslands.¹ Það má kannski byrja á að spyrja sig hvort nauðsynlegt sé að vera með skriflegar siðareglur. Siðareglurnar eru í raun oft á tíðum ekkert annað en listi yfir venjulega mannasiði og þeir sem ekki kunna þá læra þá ekkert frekar þótt það séu skriflegar siðareglur. Ávinningurinn af því að vera með skriflegar siðareglur getur þó verið margvíslegur. Ef starfsstétt er með skráðar siðareglur er hægara en ella að brýna fyrir fólki hverjar skyldur þess eru og þær verða hvatning til fólks um að vanda verk sín. Jafnframt geta skráðar siðareglur orðið til þess að losa fólk við langa umhugsun í hvert sinn sem upp koma siðferðileg álitæfni. Það er



**Þórunn
Guðmundsdóttir**
hrl.

traustvekjandi til þess að vita að þegar maður kemst í siðferðilega angist yfir einhverju vandamáli, þá sé hægt að teygja sig í Codexinn og fletta því upp hvað maður á að gera. Þá geta skráðar siðareglur aukið samheldni innan starfsstéttar og þær geta gegnt mikil-vægu hlutverki við úrskurð deilumála. Það felst hins vegar ákveðin þversögn í því að skrá siðareglur. Með skráningu siðareglna er búið að fastsetja regluna þegar siðareglur eiga í raun að vera í sífelldri skoðun og þróun. Góðar siðareglur eru alls ekki trygg-

ing fyrir góðu siðferði. Þá geta skráðar siðareglur beint athygli fólks frá stefnumótun og sjálfskilningi starfsstéttarinnar og að ágreiningsefnum einstaklinga. Skráðar siðareglur leggja gjarnan áherslu á að fyrirbyggja alvarleg deilumál milli einstaklinga eða réttlætisbrot eins gagnvart öðrum. Þetta getur leitt til þess að hin siðferðilegu stefnumál, sem stéttin hugsanlega þarf að taka afstöðu til sem heild, hverfi í skuggann.²

Um samskipti lögmanna innbyrðis er fjallað í IV. kafla siðareglna LMFÍ. Svo er auðvitað hægt að vera fínn og lesa á útlensku um siðareglur CCBE.³ Við eigum að hafa hliðsjón af þeim í samskiptum okkar við lögmenn í aðildarlöndum EES samningsins.

Það er talin sérstök ástæða til þess að taka það fram í siðareglum LMFÍ, að lögmenn skuli hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu og að þeir skuli sýna hver öðrum tillitssemi sem er samrýmanleg hagsmunum skjólstaðings, sbr. 25. gr. siðareglanna. Hvað felst í því að sýna virðingu í framkomu? Eiga lögmenn að heilsast með

1 Það er augljóst að höfundar upphaflegu siðareglanna hafa notið klassískrar menntunar, enda var það fyrir daga stúdents-prófa frá verkmenntaskólum, svo sem Jakob R. Möller hrl. orðar það, en greinarhöfundur er með stúdentspróf frá slíkum skóla.

2 Um kosti og galla þess að skrá siðareglur starfsstétta, sjá nánar bls. 32-45 í bók Sigurðar Kristinssonar: Siðareglur. Greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum starfsgreina á Íslandi. Reykjavík, 1991.

3 Conseil des Barreaux de la Communauté Européenne, Rád lögmanna-félaganna í Evrópusambandinu.

handabandi? Reyndar hef ég það fyrir sið að loknum málf lutningi, eins og margir aðrir lögmen gera, að ganga yfir til lögmanns gagnaðila og taka í höndina á honum og þakka fyrir samskiptin. Þessa reglu kenndi mér annalað þrúðmenni í lögmannastétt, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. Hef ég ávallt haft þessa reglu í heiðri síðan. Þá finnst mér sjálf sagt við dómsuppsögu að taka í höndina á lögmanninum, sem rétt í þessu var að rötbursta mig, og óska honum til hamingju. Það getur að vísu verið sárt en við erum allar „sannir karlmenn“ (!). Sumir lögmen stöðja beint á dyr þegar þeir tapa málum. Ég nenni hins vegar sjaldnast að heilsa lögmonnum með handabandi fyrir málf lutning. Þá telst það til sjálf sagðra mannsiða að svara skilaboðum strax. Það er með ólíkindum að sumir lögmen virðast telja það veikleikamerki að svara strax skilaboðum („Helgi kollegi gæti haldið að ég hefði ekki nóg að gera“) og helst þarf að hringja ítrekað í þá þar til loksins næst í viðkomandi.

Fyrstu þinghöldin sem ég var viðstödd voru sjópróf sem haldin voru út af strandi togara norður í landi. Ég fór á kúrsus eftir 2. árið í lögfræði norður í land. Þegar togarinn strandaði við lítið sjávarpláss, virtist sem hver einasti trillukarl á staðnum hefði sett spotta í togarann til að reyna að draga hann út. Á vettvang kom einnig annar togar og Landhelgisgæslan. Efnit var til sjóprófa, þar sem teknar voru skýrslur af öllum hlutaðeigandi. Þau einkenndust af frammiköllum og boðum um að leysa málin út undir vegg, vegna þess að allir vildu hlut í björgunarlaunum og allir töldu að þeir hefðu átt þátt í að það tókst að draga togarann af strandstað. Það sem mér þótti merkilegast, sem nýgræðingi í lögfræði, voru samskiptin innan þess hóps lögmannna sem var á staðnum. Þetta var á þeim árum sem ýmsir lögmen fóru varla til Hafnarfjarðar án þess að taka með sér pela, hvað þá norður í land til að vera við sjópróf. Mér er sérstaklega minnisstæður einn lögmaður, sem opnaði stresstösku sína inni í réttarsalnum (félagsheimilið í plássinu hafið verið dubbað upp í réttarsal) og í henni voru þrjár áfengisflöskur⁴, sem hann bauð viðstöddum óspart af. Það er óhætt að segja að samskipti hans og þeirra lögmannna sem þáðu veitingarnar hjá honum voru góð í sjóprófunum, svo ekki sé minnst á áhrif veiganna á togarakarlana! Þessi lögmaður þurfti ekki á 25. gr. siðareglanna að halda til að hafa góða samvinnu við kollegana.

4 Þessi taska var svonefnd þriggja manna maki, það voru líka til fjögurra manna makar.

Siðareglurnar leggja þá skyldu á okkur að sýna lögmanni gagnaðila fulla virðingu í ræðu og riti. Þetta ætti ekki að vera vandamál. Við erum að vinna fyrir skjólstaðinga okkar, persóna lögmannsins skiptir engu máli og það á alls ekki að blanda persónu lögmannsins inn í málf lutning. Það sagði mér eitt sinn einn lögmaður, sem hefur verið mikið að vasast í pólitík og endaði reyndar innilokaður í afplánun á Alþingi, að það vildi brenna við í málf lutningi að sumir lögmen gagnaðila væru að blanda pólitískum skoðunum hans inn í málf lutninginn. Honum hefði oftast en einu sinni verið bent á það í málf lutningi af lögmanni gagnaðila að það sem hann væri að segja í málf lutningsræðu væri eitthvað allt annað en hann héldi fram í pólitískum ræðum. Þar voru lögmen gagnaðila að blanda persónu lögmannsins inn í málf lutninginn. Það á ekki að gera. Þá á alls ekki að ávarpa lögmann með nafni í málf lutningsræðu. Í málf lutningnum er lögmaðurinn lögmaður stefnanda eða stefnda, áfrýjanda eða stefnda o.s.frv. Það er ótrúlegt að heyra menn segja í málf lutningi, „hún Svala sagði hér áðan“, „Atli kom inn á það“. Sömu lögmen ávarpa gjarnan dómara, bæði í Hæstarétti og í héraði með nafni. „Já, þá var það spurningin frá honum Markúsi“!!!

Það er merkilega algengt að lögmen brjóti 26. gr. siðareglanna sem leggur bann við því að lögmaður snúi sér beint til aðila með málefni, sem annar lögmaður fer með, án hans samþykkis nema brýna nauðsyn beri til. Sams konar regla er í gr. 5.5. í siðareglum CCBE. Aðili sem ráðið hefur sér lögmann, til að annast fyrir sig mál, á að geta treyst því að lögmaðurinn verði nokkurs konar stuðpúði milli hans og lögmanns gagnaðila. Þá á hann að geta treyst því að lögmaður gagnaðila reyni ekki að ráðskast með hans mál, með því að tala beint við hann. Lögmanni gagnaðila ber að virða þá ákvörðun aðilans að hann hafi ráðið sér lögmann með því að láta aðilann í friði. Vissulega getur það stundum verið ótrúlega þirrandi þegar maður telur að lögmaður gagnaðila haldi jafnvel atriðum málsins leyndum fyrir skjólstaðingnum en við því er ekkert að gera. Við erum bundin af siðareglunum og tókum áhættuna af beinbroti og brennimerkingum af hálfu úrskurðarnefndar lögmannna, ef við gerumst brotleg, sbr. 27. gr. lögmannnalaganna.

Við megum ekki gagnrýna störf annarra lögmannna nema á málefnalegum grundvelli og við eigum að forðast það að valda öðrum lögmonnum álitsspjöllum umfram það sem málefnið gefur ástæðu til, sbr. 27. gr. siðareglanna. Ef lögmaður

gagnaðila hefur gert sig að fífla, má maður þá segja það? Gefur málefnið tilefni til þess? Gilda bara ekki almennir mannasíðir hér? Það hefur oft verið talað um „Séð og heyrt“ væðingu forsetaembættisins. Það er eins hægt að tala um fjölmiðlavæðingu ýmissa lögmanna. Ég hef oft heyrt lögmenn tala af fyrirlitningu um kollega sem eru duglegir að koma sér á framfæri í fjölmiðlum. Það verður reyndar að hafa það í huga að lögmennska er ekkert frábrugðin öðru í þjóðfélaginu, allt snýst um markaðssetningu. Það var sagt um einn ágætan lögmenn sem nú er reyndar látinn, að hann faxesaði alltaf málaskrána sína til fjölmiðlanna. A.m.k. virtust öll mál sem hann var með vera svo merkileg að alltaf komust þau í fjölmiðla. Maður hélt að maður væri með venjulegt víxilinheimtumál í hendinni, allt þar til einhver fréttamaðurinn hringdi og var með allt annan vinkil á málið, ættaðan frá lögmanni gagnaðila. Sumir lögmenn hafa óskaplega þörf fyrir að reka mál sín í fjölmiðlum og jafnvel löngu eftir að dómstólarnir leiða þau til lykta. Dómstóll götunnar er oft miklu áhrifaríkari en þessi dómstóll niður við Arnarhól. Það er hins vegar staðreynd að áhugi almennings á dómsmálum fer vaxandi og sjálfsgagt að lögmenn taki þátt í opinberri umræðu um dómsmál. Að sjálfsgöðu ber auðvitað sýna lögmanni gagnaðila þá kurteisi sem hann á skilið. Lögmenn sem er mikið í fjölmiðlum er ekkert verri lögmenn en sá sem er aldrei í fjölmiðlum, enda þótt sumir lögmenn tali stundum þannig. Lögmennska er að hluta til markaðssetning eins og allt annað í þjóðfélaginu. Enn sem komið er hafa engir minnisvarðar verið reistir óþekkta lögmenninum.

Það eru ýmis ákvæði í siðareglunum, sem ég hef aldrei séð þörfina fyrir. 32. gr. er ein þessara reglna. Af hverju í veröldinni megum við hæstaréttarlögmenn ekki afhenda öðrum en starfandi héraðsdómslögmönnum prófmál fyrir Hæstarétti? Og hvað þýðir það að vera starfandi héraðsdómslögmenn? Þessi regla lýktar af eiginhagsmunum

gæslu stéttarinnar. Hæstaréttarlögmennsréttindi eru atvinnuréttindi.⁵ Markmið þessarar greinar virðist vera að takmarka aðgang að stéttinni og aðgangur að prófmálum eigi aðeins að vera fyrir þá sem eru í raunverulegri lögmennsku. Þessi grein er úrelt og ég fyrir mína parta viðurkenni hér með að ég hef brotið hana. Kæri mig hver sem vill.

Sama máli gegnir um 33. gr. Hvað er siðferðilega rangt við það að tveir lögmenn, til dæmis, geri samning um það sín á milli að annar greiði hinum þóknun fyrir að vísa skjólstæðingum til hans? Menn eru að fá greitt fyrir allt mögulegt í dag. Meðan menn gera skattfyrvöldum grein fyrir þessum tekjum sínum sé ég ekki nokkuð athugaðvert við slíka samninga. Það er samningsfrelsi í landinu. Og af hverju skyldu lögmenn ekki greiða öðrum aðila sérstaka þóknun fyrir að vísa til sín skjólstæðingum? Ef um tvo jafna einstaklinga er að ræða, þá eiga slíkir samningar að vera fyllilega löglegir.

Svo sem hér hefur verið rakið er ýmislegt sem ekki er í takt við nútímann í siðareglum lögmanna. Einn gallinn við það að vera með skriflegar siðareglur er það að þær eru þar með orðnar fastsettar og þyngra í vöfum að breyta þeim. Siðareglur eiga að vera í stöðugri þróun og lifandi. Það er spurning hvort það eigi ekki að vera fastur liður á aðalfundi LMFÍ að ræða siðareglur og hugsanlegar breytingar á þeim. Ég reikna reyndar ekki með að slíkt fundarefni tryggi gríðarlega aðsókn að aðalfundinum, en það er full ástæða samt til þess að halda siðareglunum í umræðunni, úr því að við erum á annað borð með þær.

⁵ Það er utan viðfangsefnis þessarar greinar að fjalla um það hvort það eigi að vera þessi aðgreining á milli hæstaréttar- og héraðsdómslögmanna. Ég tel að afnema eigi einkarétt lögmanna og lögfræðinga. Það eiga allir að geta flutt mál fyrir sjálfan sig og aðra fyrir dómstólunum. Slíkt getur auðvitað reynt að þolrif, bæði dómara og lögmanna, en það þarf ekki ólöglerða málflytjendur til.

Retis



Retis er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu og ráðgjöf við val og innleiðingu viðskiptahugbúnaðar sem og viðhaldi og uppsetningu tölvukerfa fyrirtækja.

Retis ehf.
201 Kópavogi
S 544 8855
F 544 8854
retis@retis.is
www.retis.is

PISTILL FORMANNS:

Að beiðni Friðgeirs Björnssonar, ritstjóra Átímarits lögfræðinga, skrifaði ég leiðara í síðasta hefti tímaritsins. Leiðarann skrifaði ég í eigin nafni um efni sem ég valdi sjálfur. Ekki var vikið einu orði að LMFÍ í leiðaranum, en þess getið við nafn mitt að ég er formaður LMFÍ. Þá tilgreiningu tel ég ekki valda því að það sem sagt er teljist sett fram í nafni félagsins. Láti ég eitthvað frá mér í nafni félagsins skrifa ég einfaldlega undir fyrir félagsins hönd. Að gefnu tilefni tel ég rétt að láta þetta koma fram.

Þjóðfélagssumræða undanfarinna mánaða hefur meira og minna snúist um lögfræði. Þegar þetta er skrifað er dómur Hæstaréttar í svokölluðu „málverkafölsunarmáli“ nýfallinn. Mér finnst niðurstaða meirihlutans ósköp skýr. Meginsönnunargögn ákærvaldsins voru ekki tæk til sönnunar á sekt sakborninga vegna tengsla þeirra sem gögnin unnu við Listasafn Íslands, einn kæranda í málinu. Þessi niðurstaða hefur orðið ýmsum tilefni mikilla upphrópana og aðfinnslna. Þannig lýsti stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna „þungum harmi yfir þeim ömurlegu afleiðingum sem úrskurður Hæstaréttar í málverkafölsunarmálinu hefur í för með sér fyrir íslenska myndlist.“ Er það hlutverk Hæstaréttar að vernda myndlistina, mikilvæg sem hún er, á kostnað grundvallarréttinda sakaðra manna?

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins telur Hæstarétt hafa sent efnahagsbrotadeild ríkislög-reglustjóra misvísandi skilaboð, sem orðið hafi til þess að efnahagsbrotadeildin hafi verið í góðri trú um sönnunargildi gagnanna. Sú ályktun er dregin af því að Hæstiréttur heimilaði að sérfræðingarnir bæru vitni í málinu þrátt fyrir andmæli ákærða. Augljóst hlýtur þó að vera að framburður vitnis er eitt og mat á sönnunargildi framburðarins annað. Það á leiðarahöfundur Morgunblaðsins að vita. Hæstiréttur hlýtur altént að ganga út frá því að svo mikið kunni ákærvaldið í lögfræði að það geri þann greinarmun

sem leiðarahöfundur Moggans gerir ekki. Ekki síst þegar málatilbúnaður verjenda snýst að miklu leyti um trúverðugleika vitnanna. Vart er Morgunblaðið að mæla fyrir því að vikið sé frá þeirri grundvallarreglu að vafa skuli skýra sakborningi í hag.



Gunnar Jónsson

hrl.

Á Alþingi er því haldið fram að úr því rannsókn var áfátt hefði átt að heimvísa. Er það hlutverk Hæstaréttar að gæta þess að ákærvaldið standi nægjanlega vel að sínum málum? Gefa því annað tækifæri misfarist því sönnunarfærsla? Verður ekki að ætlast til þess af ákærvaldinu, rétt eins og stefnanda í einkamáli, að það færi einfaldlega fullnægjandi sönnur fyrir sínum málstað? Málið var ekki vanreifað, sönnun var bara ekki fullnægjandi.

Verst er þó að sjá ummæli lögreglunnar og ákærvaldsins um málið. Ákærvald sem segir fleiri dómara hafa felld dóm um sekt en sýknu, séu bæði dómstig lögð saman, er illa rökþrota. Það verður að ætlast til meira af fulltrúum ákærvalds en að þeir láti slíkt frá sér fara. Þá vil ég líka ætlast til þess af lögreglu og ákærvaldi að sýna Hæstarétti meiri virðingu en mér finnst hafa verið í framhaldi þessa máls. Fulltrúar lög-reglu og ákærvalds bera mikla ábyrgð gagnvart samfélaginu. Þeir eru veigamikill hluti þess kerfis sem stendur vörð um samfélagið og mega því ekki senda frá sér vanhugsaðar yfirlýsingar, til þess fallnar að grafa undan trausti almennings á æðstu stofnunum samfélagsins. Nákvæmlega það gera t.d. vangaveltur saksóknarans um það hvort dómara séu almennt hæfir gagnvart ríkinu, af því þaðan þiggi þeir laun sín. Við þeim hagsmunatengslum er séð með æviskipun dómara og það veit fulltrúi ákærvaldsins.

En kannski eru ummæli lögreglu og ákærvalds eðlilegt framhald þjóðfélagsumræðunnar undanfarið?

- Óþægileg niðurstaða kæruneftar jafnréttis-

mála er afgreidd með því annars vegar að telja jafnréttislögin barn síns tíma og hins vegar að niðurstöðum kærunefndarinnar sé nú hvort sem er meira og minna snúið við.

- Lagt er fram af ríkisstjórn frumvarp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, þar sem gert er ráð fyrir því að hleranir verði heimilar án dómsúrskurðar.
- Niðurstaða umboðsmanns Alþingis, um að embættisveiting hafi falið í sér brot á reglum dómstólalaga og stjórnisýslulaga, er túlkuð af þeim sem hún beinist að á þann veg að hafi ekki falið í sér niðurstöðu um að lög hafi verið brotin. Kannski sú afstaða breytist að fenginni niðurstöðu prófessors Páls Hreinssonar, sem telur viðmið umboðsmanns eðlileg og í fullu samræmi við hefðbundnar kröfur. Páll er almennt talinn fremsti fræðimaður okkar á þessu sviði. Ætli umboðsmaður komi ekki næstur honum í því.
- Haft er eftir utanríkisráðherra í umræðu um svokallað fjölmiðlafrumvarp að vegna breytinga sem gerðar hafi verið á frumvarpinu sé hann öruggari gagnvart stjórnarskrá við 3ju umræðu en hinar tvær fyrri. Hann greiddi þó atkvæði með frumvarpinu að lokinni bæði 1. og 2. umræðu, væntanlega í verulegum vafa um að það stæðist gagnvart stjórnarskrá.

Verðum við ekki að ætlast til meira af þeim sem við veljum til forystu í samfélaginu?

Skil fjárvörsluyfirlýsinga vegna ársins 2003.

Félagið minnir sjálfstætt starfandi lögmennt á að skila inn yfirlýsingum vegna fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár fyrir árið 2003, en skilafrestur rennur út 1. september n.k. Eyðublöð hafa verið send lögmonnum, en eyðublaðið má einnig finna á heimasíðu félagsins, en slóðin er: www.lmfi.is/documents/eydublad_fjarvorslur.pdf

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (nú þýðendur og túlkar).

Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalþýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

Verðmat og skipting dánar- og þrotabúa

Áratuga reynsla við verðmat, sölu og skiptingu dánar- og þrotabúa.

Svið þekkingar og þjónustu okkar nær yfir antik, listmuni, bækur, frímerki, húsbúnað, nytjamuni, tæki og tól.

SANNGJARNT VERÐ.

Jónas Ragnar Halldórsson
antik- og listmunasali.

Laugavegi 101, GSM 897 5117

Bréfasími 552 8222 og sími 551 5222

Netfang: goco@simnet.is

Árshátið LMFÍ 2004

Hinir einu sönnu Stuðmenn spiluðu fyrir 160 káta lögmenn og fylginauta þeirra á árshátið LMFÍ sem haldin var í Súlnasal Hótel Sögu þann 27. mars sl.

Að þessu sinni var Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari heiðursgestur en í ræðu sem hann hélt sagði hann m.a. þessa sögu:

Forstjóri Fínþússningargerðarinnar hf. kærði viðskiptamann til þáverandi RLR, en maðurinn hafði greitt fyrir vöru og þjónustu með falsaðri ávísun. Kæran hljóðaði svo:

Ég segi ykkur hér til sakamanns, þið sjáið nú glöggst á verkum hans að svartur er synda listi. Ég átti mér síst á illu von, enda er maðurinn Jósefsson, en líkist þó lítið Kristi.

Yfirvöldum skal á það bent að innræta þessum delinkvent að lifa við lög og reglur. Aurana væri fínt að fá, en frekar vildi ég manninn sjá, hengdan á hjól og steglur.



Gunnlaugur Claessen, heiðursgestur kvöldsins.



„Lögmanna-bandið“, skipað þeim Einari Karli Hallvarðssyni, Guðrúnu Sesselju Arnardóttur og Jóhannesi Karli Sveinssyni, kom félögum sínum á óvart með frábæru söngatriði.



F.v. Guðbjarni Eggertsson, Elva Rut Helgadóttir, Karl Georg Sigurbjörnsson og Björn Þorri Viktorsson.





Arni Vilhjálmsson var veislustjóri en er margt til lista lagt eins og sjá má á þessari mynd. Arni er fyrsti mari Stuðmanna og hér sést hann gripa í settið hjá þeim félögum við sinn fögnuð starfsfélaga sinna sem hláðust að fimi hans með kjuðana. Þótti að Arni hefði engu gleymt!



F.v: Óskar Sigurðsson, Elísabet Kristjánsdóttir og Guðjón Ægir Sigurjónsson gæða sér á góðu vini.



Hópur lögmanna af Suðurlandi brá undir sig betri sparifætinum ásamt mökum og ýmist flugu, óku eða riðu til höfuðstaðarins. Á þessari mynd eru Jóhann Pétursson, Þóra Hallgrímsdóttir og Helgi Bragason.



F.v. Ragnar Hall, Einar Karl Hallvarðsson, Kristín Edwald og Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir.

F.v. Kristín Þórisdóttir, Gunnar Jónsson, Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Gunnlaugur Claessen, Gerður Guðjónsdóttir og Ólafur Rafnsson



F.v. Heiðar Ásberg Atlason, Kristjana Skúladóttir, Erlendur Gíslason og Erna Hjaltested.



AÐALFUNDUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2004 var haldinn föstudaginn 26. mars s.l. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Fundarstjóri á aðalfundinum var Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. og fundarritari Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur.

Gunnar Jónsson formaður hóf ræðu sína á að biðja fundargesti um að rísa úr sætum og votta þeim Árna Guðjónssyni hrl. og Þorbirni Árnasyni hdl. virðingu sína en þeir féllu frá á liðnu ári. Formaður flutti síðan skýrslu stjórnar og vísaði m.a. í prentaða ársskýrslu sem send var félagsmönnum fyrir fundinn. Lýsti hann sérstakri ánægju með rekstur félagsins sem skilaði hagnaði annað árið í röð. Gunnar gerði því næst stuttlega grein fyrir vinnu félagsins varðandi „Access to Justice“ sem Jóhannes Karl Sveinsson hrl. kynnti síðar á fundinum. Þá vék Gunnar að þeim hugmyndum sem komið hefðu fram á síðasta ári í tengslum við skylduendurmenntun lögmanna en sérstök nefnd var skipuð til að vinna að tillögum um hana. Þá minntist formaðurinn á nýstofnað Félag kvenna í lögmennsku og fagnaði væntanlegri innkomu þess í félagsdeild LMFÍ. Gunnar fór því næst nokkrum orðum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmenn, sem nú lægi fyrir Alþingi. Gerði hann grein fyrir inntaki umsagnar laganefndar félagsins, kynningu þess fyrir dómsmálaráðherra og allsherjarnefnd Alþingis. Loks vék formaður að nýföllum úrskurði samkeppnisráðs, þar sem LMFÍ var talið hafa gerst brotlegt við samkeppnislög fyrir gerð kostnaðargrunns og sektað um 3,5 milljónir króna.



Gunnar Jónsson hrl., formaður LMFÍ.

Gerði formaður grein fyrir helstu málavöxtum og tilefni kostnaðargrunnsins. Hann lýsti jafnframt undrun sinni og vonbrigðum með úrskurðinn og fjallaði í stuttu máli um þá möguleika sem væru í stöðunni.

Jóhannes Karl Sveinsson hrl. tók næstur til máls og kynnti niðurstöðu vinnu stjórnar í tengslum við „Access to Justice“ innan stjórnarsýslunnar, þ.e.a.s. hvort ágreiningsmálum sem varða stjórnarsýslu hins opinbera og því álitæfni hvort lögfræðikostnaður málsaðila – og ómöguleiki á því að fá hann bættan – takmarkaði aðgang að „réttlæti“ og væri því í andstöðu við hugmyndir um

raunverulegt jafnræði aðila við málsmeðferð. Fór Jóhannes yfir helstu reglur sem gilda um gjafsókn fyrir dómstólum sem hann taldi skila hlutverki sínu. Vandamálið væri sá kostnaður sem skapaðist við það þegar einstaklingar þyrftu að gæta hagsmuna sinna gagnvart hinum ýmsu stjórnarsýslunefndum ríkisins. Erfitt væri fyrir borgarann að sleppa skaðlaus frá málarekstri innan stjórnarsýslunnar í flókum málum þar sem sérfræðiaðstoðar væri þörf. Taldi Jóhannes að nokkrar leiðir væru færar til að bæta úr þessu. Í fyrsta lagi kæmi til greina að veita viðkomandi úrskurðaraðila úrskurðarvald um kostnað með tilheyrandi breytingum á einstökum lögum. Í öðru lagi mætti hugsa sér að stofnuð yrði einhvers konar „miðlæg“ meðferð á kostnaðarmálum, þar sem lagðir væru fram reikningar til ákvörðunar, og í þriðja lagi kæmi til greina að bæta inn almennu ákvæði í stjórnarsýslulög sem heimilaði að ákvarða kærendum kostnað af því að halda uppi kærnum sem ná fram að ganga. Taldi Jóhannes þriðju leiðina heppilegasta en það yrði hlutverk næstu stjórnar að kynna og setja fram nánari hugmyndir.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins og Námssjóðs þess, fyrir árið 2003, en reikningurinn fylgdi prentaðri skýrslu stjórnar. Niðurstaða af rekstri félagsins í heild var jákvæð og tekjur umfram gjöld numu tæpum 2 milljónum króna á rekstrarárinu. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður skyldubundna hlutans rúmlega 600 þúsund krónur en hagnaður félagsdeildar var tæplega 1400 þúsund krónur. Framkvæmdastjórinn gerði síðan grein fyrir helstu breytingum á tekju- og gjaldaliðum og þeim rekstrarliðum sem tóku miklum breytingum eða kölluðu að öðru leyti á sérstaka umfjöllun.

Umræður um skýrslur og reikninga

Jakob R. Möller hrl. tók undir ræðu Jóhannesar Karls og taldi réttaraðstoð lögmannna vera mjög þýðingarmikla. Ræddi Jakob framkvæmd ákvarðana í gjafsóknarmálum og taldi ákvarðanir dómstóla langt frá því að mæta kostnaði og að stjórn LMFÍ hefði miklu hlutverki að gegna í þessu máli. Jakob vék því næst að úrskurði samkeppnisráðs og lýsti þeirri skoðun sinni að ekki ætti að áfrýja þar sem hann væri efnislega réttur. Næstur tók til máls Guðni Haraldsson hrl. sem lýsti sig sammála Jakobi um að una bæri úrskurði samkeppnisráðs til að takmarka tjón LMFÍ út á við. Taldi Guðni ýmsar leiðir hefðu verið færar á sínum tíma en nú þyrfti hver lögmaður að kynna dómstólunum sinn kostnað af hverju máli. Næst tók til máls Björn Bergsson hrl. og var hann sammála síðustu ræðumönnum en taldi viðbragðaleysi LMFÍ slæmt. Taldi hann að stjórn LMFÍ hefði átt að vera viðbúin úrskurðinum þannig að hægt hefði verið að skýra málið út í fjölmiðlum.

Kosningar.

Gunnar Jónsson hrl., gaf kost á sér til endurkjörs til embættis formanns félagsins og var hann sjálfkjörinn. Auk Gunnars voru kjörnir í aðalstjórn til næstu tveggja ára, þau Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl. og Jóhannes Albert Sævarsson hrl. en auk þeirra sitja áfram í stjórn þeir Ólafur Rafnsson hrl. og Ragnheiður Bragadóttir hdl. Í þriggja manna



F.v. Jakob R. Möller hrl., Benedikt Ólafsson hdl., Elinborg B. Björnsdóttir hdl., Björn Ólafur Hallgrímsson hrl., Björn L. Bergs hrl. og Ársæll Hafsteinnsson hdl.

varastjórn voru kjörin Helga Jónsdóttir hdl., Stefán G. Þórisson hrl. og Heimir Örn Herbertsson hdl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru kjörnir endurskoðendur og Þorbjörg I. Jónsdóttir hdl. til vara. Í laganefnd voru kjörin Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., Sif Konráðsdóttir hrl., Oddný Mjöll Arnardóttir hdl., Óttar Pálsson hdl. og Birgir Már Ragnarsson hdl. Í stjórn Námssjóðs, sem jafnframt gegnir störfum bókasafnsnefndar félagsins, var Þórólfur Jónsson hdl. kosinn til tveggja ára í stað Jóhanns Níelssonar hrl. sem óskaði eftir að víkja úr stjórn.

Reglur um endurmenntun lögmannna

Ólafur Rafnsson hdl. kynnti vinnu starfshóps um endurmenntunarskyldu lögmannna. Fór Ólafur yfir helstu kosti og galla reglna um endurmenntun og benti á að almennt væru menn sammála gildi endurmenntunar en ágreiningur væri hins vegar um skylduna. Greindi Ólafur frá því að starfshópurinn hafði lagt drög að því að um yrði að ræða þriggja ára ferli sem fæli í sér einingafjölda samsvarandi við tvö almenn námskeið á vegum Lögmannafélagsins á ári og að fjöldinn allur af leiðum yrði til þess að öðlast endurmenntunareiningar. Til þess að koma á endurmenntunarskyldu þyrfti að huga að lagaheimildum, t.d. beitingu viðurlaga, ásamt aðlögun slíkrar skyldu að t.d. siðareglum lögmannna. Nokkur vinna væri því óunnin en málið væri á því stigi að kynning á afrakstri þeirrar vinnu sem unnin hefði verið þyrfti að fá umfjöllun félagsmanna.

Önnur mál

Dögg Pálsdóttir hrl. tók til máls og fagnaði breyttu kynjahlutfalli nýkjörinnar stjórnar. Dögg

vísaði því næst til nýlegrar greinar sinnar í Lögmannablaðinu þar sem hún vakti athygli á útreið dómnefndar á þeim lögmönnum sem sóttu um stöðu hér- aðsdómara. Taldi Dögg þar vegið að virðingu lögmanns- starfsins og skoraði hún á fulltrúa lög- manna í dómnefnd- inni að útskýra sjón- armið nefndarinnar. Taldi Dögg ekkert gegnsæi og samræmi í reglum nefndar- innar og væri ástæða



F.v. Lára V. Júlíusdóttir hrl., Gunnar Viðar hdl., Inga Björg Hjaltadóttir hdl. og Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.

fyrir nýja stjórn að setja á fót nefnd til að kanna þessi störf dómnefndar. Næst tók til máls Gestur Jónsson hrl. og vék hann að þeirri umræðu sem áður hafði farið fram á fundinum í tengslum við úrskurð samkeppnisráðs. Benti Gestur á að málið varðaði svo mikla grundvallarhagsmuni að athuga þyrfti mjög alvarlega hvort láta ætti túlkanir úrskurðarins standa. Taldi Gestur þá vinnu, sem fór fram af hálfu félagsins, hafa verið málefnalega þótt hægt væri að túlka á annan hátt. Því næst tók Lára V. Júlíusdóttir hrl. til máls og svaraði ræðu Daggar. Gerði hún stuttlega grein fyrir þeim verklags- reglum sem lögju fyrir nefndinni og benti á að hún hefði, sem nefndarmaður, starfað eftir bestu sam- visku. Hún væri þó sammála Dögg um að skýrari reglur ættu að liggja fyrir og fagnaði umræðu um þetta mál. Magnús Haukur Magnússon hrl. tók undir ræðu Gests Jónssonar og sagði að lögmenn ættu ekki að vera hræddir við sannleikann. Lýsti

Magnús sig mjög ósáttan við nálgun samkeppnis- yrvalda á sektarfjárhæðinni. Næstur tók til máls Heimir Örn Herbertsson hdl. og ræddi um hug- myndir um skylduendurmenntun lögmanna sem hann sagðist alfarið vera á móti, m.a. vegna þess að slíkar reglur veittu falskt öryggi. Vildi hann frekar sjá einkarétt lögmanna afnuminn. Að loknum umræðum tók Gunnar Jónsson formaður til máls og upplýsti að stjórn félagsins myndi taka vel ígrund- aða ákvörðun um framhald úrskurðar samkeppnis- ráðs.

Aðalfundur félagsdeildar Lögmanna- félags Íslands.

Í framhaldi af aðalfundi Lögmannafélagsins var haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ, samkvæmt auglýstri dagskrá. Á dagskrá fundarins voru venju- leg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félags- ins, auk tillögu um breytingu á 3. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ, sem gerði aðild sérgreinafélaga og hagsmunafélaga að félagsdeildinni mögulega. Var sú tillaga samþykkt samhljóða. Vala Valtýs- dóttir hdl. kvaddi sér hljóðs og óskaði skýringa á stöðu Námssjóðs innan félagsins vegna rekstrar og eigna. Framkvæmdastjóri skýrði út að Námssjóður- inn væri sér rekstrareining en félli þó undir starf- semi félagsdeildar. Afskriftir fastafjármuna bóka- safnsins kæmu þó fram í rekstri skyldubundna hlut- ans, þar sem ákveðið hefði verið að sá hluti legði bókasafninu til aðstöðu og búnað. Fundarstjóri frestaði því næst fundi vegna fyrirliggjandi beiði Félags kvenna í lögmennsku um inngöngu í félags- deild og yrði boðað til framhaldsfundar síðar.

Við geymum gögnin þín



GAGNAGEYMSLAN

Efnisleg gögn

- Bókhald
- Samningar
- Teikningar
- Ljósmyndir / filmur

Tölvugögn

- Netafritun
- Speglun
- Spólur - HD/DVD/ZIP
- Uppsetning / endurheimt

Við sjáum um allt: kassa, flutning, hugbúnað, uppsetningu - allt!

Smiðshöfða 1 - Sími 587 9800 - <http://www.gagnageymslan.is>

Fréttir frá félagsdeild

Nú stendur yfir undirbúningur fyrir námsferð LMFÍ sem farin verður í haust. Stefnt er að því að halda til Rómar og dvelja þar dagana 6.-10. október. Ferðin er kynnt annars staðar í blaðinu en félagsmenn hafa nú þegar fengið senda auglýsingu með tölvupósti. Skráning hefur farið mjög vel af stað en þar sem takmarkaður sætafjöldi er í boði borgar sig að bóka sæti sem fyrst!



Eyrún Ingaðóttir

Góð aðsókn á námskeið vorannar: 35% lögmanna á námskeiðum!

Nú er nýlokið námskeiðum vorannar og ekki er annað hægt að segja en að vel hafi gengið. Alls sóttu 230 lögmenn námskeiðin ellefu sem haldin voru. Það er eins og 35% lögmanna hafi sótt námskeið á vorönn en auðvitað er stór hópur búinn að fara á tvö til þrjú námskeið. Góða aðsókn má fyrst og fremst þakka að LMFÍ hélt skaðabótaforritsnámskeið ásamt Samtökum íslenskra tryggingafélaga, SÍT, og tölvufyrirtækinu Vigor sem hannaði forritið. Um 60 lögmenn sóttu það námskeið en svipaður fjöldi sótti námskeið um galla í fasteignakaupum sem Viðar Már Matthíasson prófessor við HÍ kenndi. Önnur námskeið vorannar voru enskunámskeið, gríllnámskeið, námskeið um nýmæli í barnalögum og barnaverndarlögum (einnig haldið á Akureyri), námskeið í skipulags- og byggingalöggjöfinni, verksamningum og sérkenni þeirra auk námskeiðs um störf verjenda og réttargæslumanna. Tvö námskeið voru felld niður vegna lítillar þátttöku en það voru námskeiðin lögmenn og fjölmiðlar og samspil atvinnu- og einkalífs. Þau verða vonandi aftur auglýst í haust með von um meiri þátttöku. LMFÍ hefur samið við Tölvunám.is um sérstakan afslátt fyrir félagið á námskeiðum þess. Námskeiðin eru á netinu og eru bráðsniðug. Nemendur

kaupa aðgang að kennsluforritum á netinu í eitt ár og geta á þeim tíma sótt þá þekkingu sem þeir vilja. Boðið er upp á námskeið í word, excel, powerpoint og outlook.

Heimasíða LMFÍ

Þeir lögmenn sem hafa hug á að sækja námskeið erlendis geta nálgast upplýsingar um þau á heimasíðu LMFÍ, undir liðnum „Athylgisverðar heimasíður“. Félaginu berast fjöldi auglýsinga um námskeið og ráðstefnur fyrir lögfræðinga um heim allan sem eru settar á heimasíðuna jafnarðan.

Heimsóknnum á LÖGMANNALISTANN fer sífellt fjölgandi en í mars sl. var nýtt met slegið þegar þær urðu 6235. Meiri hluti þessara heimsókna eru frá þeim sem eru að leita sér að lögmanni og þeir lögmenn sem eru ekki skráðir með málaflokka á heimasíðunni ættu að gera það sem fyrst. Nýlega var listinn þýddur yfir á fimm ný tungumál en áður var hann á ensku og dönsku auk íslensku. Nýju tungumálin eru þýska, spænska, pólska, tælenska og serbneska.

Hluti af heimasíðu félagsins er læstur almennungi en lögmenn eiga að hafa notendanafn og lykilorð til að komast inn á hana. Lykilorðin hafa þótt flókin en nú geta lögmenn haft samband við undirritaða til að breyta um lykilorð.

Hlaup – golf – fótbolti

Félagsmálin eru í góðum gir, búið er að skipuleggja golfmót sumarsins, árin sem fótboltamót hafa verið haldin hjá félaginu eru orðin 10 og nú er stefnt að nýjung með haustinu, að halda skemmtiskokk LMFÍ. Sá hópur sem stundar hlaup fer sífellt stækkandi en stefnt er að því að allir félagar og fjölskyldur þeirra geti tekið þátt í þessum atburði.

Um áfrýjun dóma í sakamálum



**Friðbjörn
Garðarsson**

hdl.

Inngangur

Þann 30. október 2003 féll dómur í Héraðsdómi Austurlands í sakamálinu nr. S-175/2002. Málavextir voru þeir að tveir menn voru ákærðir fyrir brot á lögum um veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994 (veiðilög). Brotið fólst í því að mennirnir fóru á vélsleðum á veiðislóð og gengu frá sleðunum til veiða auk þess sem þeir höfðu ekki veiðikort meðferðis.

Mennirnir neituðu sök að öðru leyti en því að þeir játuðu að hafa ekki haft veiðikort meðferðis umrætt sinn. Þeir voru sakfelldir og báðum gert að greiða kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs, þola sviptingu á skotvopna- og veiðileyfi í eitt ár og upptöku á tveimur haglabyssum og 16 rjúpum.

Mennirnir vildu ekki una dómi héraðsdóms og hugðust áfrýja málinu til Hæstaréttar. Til þess að svo mætti verða þurfti að sækja um áfrýjunarleyfi, en umsókn þess efnis var hafnað af Hæstarétti Íslands.

Hér á eftir verður stuttlega fjallað um rétt manna samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, til þess að áfrýja dómum í sakamálum og borinn saman við hinn sama rétt á grundvelli ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994, með hliðsjón af svari Hæstaréttar við beiðni um áfrýjunarleyfi á málinu S-175/2002

Ákvæði MSE um rétt manna til áfrýjunar sakamála

Kveðið er á um rétt manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi í 6. gr. MSE. Í þessum rétti manna felst m.a. rétturinn til að bera mál undir dómstóla hvort sem um einkamál eða sakamál er að ræða. Raunar er mönnum ekki tryggður réttur til þess að fá úrlausn lægra dómstigs endurskoðaða fyrir æðra dómi í 6. gr. MSE en fyrirmæli þess efnis varðandi sakamál eru í 2. gr. 7. samningsviðauka við MSE og hljóðar svo:

2. gr. Réttur til áfrýjunar sakamáls.

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfell-inguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frum-

stigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skal gilda sérstök löggjöf um beitingu réttar manns, sem fundinn hefur verið sekur, til þess að áfrýja máli sínu til æðra dóms. Slíka löggjöf er að finna hér á landi í 18. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sem fjallað verður um hér á eftir. Þessi réttur manna skv. 2. gr. 7. samningsviðauka við MSE er þó ekki undantekningarlaus og eru undantekningarnar þrjár og raktar í 2. mgr. ákvæðisins. Viðamesta undantekningin tekur til minni háttar brota eftir því sem mælt er fyrir í lögum hverju sinni.

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur metið það svo í allmörgum dómum sínum að játa verði aðildarríkjum Mannréttindasáttmálans all víðtækt svigrúm til að meta hvaða lagaskilyrði verði að uppfylla svo áfrýja megi sakamálum til æðra dóms. Takmörk eru þó á því hversu ströng þessi skilyrði mega vera svo þau fari ekki á svig við rétt manna skv. 2. gr. 7. samningsviðauka MSE. Í máli Krombach gegn Frakklandi frá 13. febrúar 2001 komst komst MDE svo að orði í umfjöllun sinni um það álitaefni hvort ákvæði franskra laga brytu í bága við ákvæði 2. gr. 7. samningsviðauka MSE:

... in certain countries, a defendant wishing to appeal may sometimes be required to seek permission to do so. However any

restrictions contained in domestic legislation on the right to a review mentioned in that provision [þ.e. 2. gr. 7. samningsviðauka] must, by analogy with the right of access to a court embodied in Article 6 1 of the Convention, pursue a legitimate aim and not infringe the very essence of that right.

Allar takmarkanir á rétti manna til þess að áfrýja sakamálum verða þannig að lúta að lög- mætu markmiði og brjóta ekki í bága við skýra meginreglu þess efnis að almennt skuli ekki girða fyrir rétt manna til að skjóta sakamálum til æðra dóms.

Ákvæði íslenskra laga um rétt manna til áfrýjunar sakamála

Hæstiréttur hafnaði beiðni um áfrýjun málsins, S-175/2002, á grundvelli þess að ekki væru laga- skilyrði til að verða við beiðninni og vísaði í 3. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 og 4. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, en fyrrnefnda lagagreinin hljóðar svo í heild sinni:

150. gr. 1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og mál verið dæmt að honum fjar- stöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður þá dómi aðeins áfrýjað um lagaatriði eða viður- lög og að fengnu leyfi Hæstaréttar.

2. Áfellingisdómi verður aðeins áfrýjað með leyfi Hæstaréttar ef ákærða er þar hvorki ákveðin frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka sem er hærri en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum.

3. Beiðni um leyfi til áfrýjunar skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og ítarlega rökstudd og berast Hæstarétti innan áfrýjunarfrests. Leiti ákærði eftir áfrýjunarleyfi skal beiðni um það beint til ríkissaksóknara ásamt til- kynningu skv. 2. mgr. 151. gr. Afhending beiðni um leyfi til áfrýjunar rýfur áfrýjunar- frest. Hæstiréttur skal gefa gagnaðila kost á að tjá sig um beiðni innan tiltekens frests. **Áfrýjunarleyfi verður ekki veitt nema sér- stakar ástæður mæli með því.** [feitletrun höfundar]

Hinar sérstöku ástæður sem 3. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 áskilur má finna í 4. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 þó ekki séu þær þar tæmandi taldar:

4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárhæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
 - a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi,
 - b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,
 - c. ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.

Ef tekin eru saman skilyrði íslenskra laga til þess að unnt sé að áfrýja áfellingisdómi í sakamáli þá er nauðsynlegt að:

1. Ákærða hafi verið ákveðin frelsissvipting á lægra dómstigi
2. Refsing ákærða, þ.e. sekt og eignaupptaka, nemi hærri fjárhæð en sem nemur áfrýjunar- fjárhæð í einkamálum, sem nú eru kr. 420.000, sbr. auglýsingu í 150. tbl. Lögbirt- ingablaðsins 2003.
3. Sérstakar ástæður mæli með því.

Samanburður á ákvæðum MSE og íslenskra laga

Ljóst er að málið sem hér hefur verið til umfjöllunar uppfyllir ekki skilyrði 1. og 2. liðar hér að framan og því er vert að kanna nánar 3. skilyrðið um sérstakar ástæður. Eins og greint var frá hér að framan er hugtakið sérstakar ástæður í 3. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 skýrt með hlið- sjón af 4. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, en eins og áður hefur komið fram eru sérstakar ástæður sam- kvæmt þeirri grein eftirfarandi:

1. úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi, eða
2. úrslit málsins varði mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis, eða
3. ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.

Einhver þessara sérstöku lögákveðnu ástæða, eða eftir atvikum aðrar ólögákveðnar, þurfa að eiga við um mál svo heimilt sé að áfrýja því til Hæsta- réttar ef það uppfyllir ekki skilyrði 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991. Telja verður að úrslit málsins í því tilfelli sem hér um ræðir hafi ekki verulegt almennt gildi. Þannig er hægt að álykta að Hæstiréttur Íslands hafi metið það svo að úrslit málsins hafi ekki varðað mikilvæga hagsmuni þeirra sem

áfrýjunar leituðu eða talið útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að áfrýjun myndi breyta niðurstöðu héraðsdóms svo einhverju næmi.

Þegar Hæstiréttur hafnar beiðni um áfrýjun hlýtur rétturinn að líta svo á að ekkert framangreindra skilyrða sé uppfyllt. En hvernig metur rétturinn *mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis*? Þessir hagsmunir hljóta að vera annars en fjárhagslegs eðlis. Sá sem þetta ritar telur að almennt verði að líta svo á að tækifæri til að varpa af sér sök fyrir æðsta dómi landsins hljóti að teljast mikilvægir hagsmunir borgaranna.

Á það skal minnt að sakborningarnir tveir í málinu sem hér er til umfjöllunar voru hvor um sig dæmdir til þess að greiða sekt, sæta réttindasviptingu og eignaupptöku. Allt eru þetta viðurhlutamiklar og strangar refsingar og vert að hafa í huga að vararefsing í formi frelsissviptingar var ákveðin í dómorsði ef fjársektin væri ekki greidd innan ákveðins tíma.

Eins og fyrr var getið nefnir 2. mgr. 2. gr. 7. samningsviðauka við MSE þrjár undantekningar, sem heimilt er að setja í landsrétt, til takmörkunar á rétti manna til þess að áfrýja dómum í sakamálum. Undantekningar þessar eru eftirfarandi:

1. Ef dæmt hefur verið fyrir minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum.
2. Fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi.
3. Maður hefur verið sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

Undantekningar tvö og þrjú koma vart til álita hér á landi, en tilefni til að fjalla um fyrstu undantekninguna um minni háttar brot með hliðsjón af því máli sem hér hefur verið til umfjöllunar.

Veðilöggin eru sérrefsilög og ekki er gerður greinarmunur á minni og meiri háttar brotum í lögnum sjálfum. Um refsingar vegna brota á veðilögnum fjallar 19. gr. laganna, en þar segir:

19. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum og sviptingu skotvopna- og veðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmetar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum. Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot,

sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veðifang, egg eða eggjaskurn, veðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. veðilaga varða öll brot á lögnum refsingu í formi sekta og réttindasviptingar, hversu smávægileg sem þau eru. Í 3. mgr. 19. gr. er heimild til eignaupptöku, en þess látið ógetið í hvaða tilfellum rétt sé að krefjast eða beita upptökuheimild 19. gr., en hún gengur mun lengra en upptökuákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem að skv. veðilögnum stendur það eignaupptöku ekki í vegi þó veðitæki sé sannanlega í eigu annars manns. Þegar haft er í huga að ákvæði 3. mgr. 19. gr. er heimildarákvæði og hversu langt það gengur er eðlilegt að álykta að eignaupptaka skv. 3. mgr. 19. gr. komi einungis til álita þegar um meiri háttar brot á veðilögnum er að ræða. Þar sem sakborningar í málinu sem hér er til umfjöllunar voru dæmdir til að þola upptöku eigna má draga þá ályktun að brot þeirra hafi verið meiri háttar í skilningi veðilaganna.

Niðurstaða

Samanburður á skilyrðum 18. kafla laga nr. 19/1991, annars vegar, og skilyrðum MSE, sbr. lög nr. 62/1994, hins vegar, fyrir áfrýjun sakamála leiðir í ljós að ákvæði laga nr. 19/1991 setja mun strangari skilyrði en leiða má af ákvæðum MSE, sbr. lög nr. 62/1994. Verður að telja það furðulega niðurstöðu miðað við stöðu MSE í fræðikerfi lögfræðinnar, en litið hefur verið á hann sem stjórnarskrárgildi, sem almenn lög megi ekki fara í bága við.

Í niðurstöðu MDE í máli Krombach gegn Frakklandi, sem fjallað var um hér að framan, kom fram að takmarkanir í landslögum á rétti manna til áfrýjunar sakamála verði að lúta að lögmetu markmiði. Spyrja má að hvaða lögmetu markmiði sé stefnt með því að meina manni, sem sakfelldur hefur verið fyrir meiri háttar brot á refsilögum en þó ekki dæmdur til frelsissvipt-

ingar, að áfrýja máli sínu á grundvelli fjárhagslegra sjónarmiða, þ.e. ef sekt og/eða eignaupptaka nær ekki kr. 420.000?

Skoðun greinarhöfundar er sú að skilyrði laga um meðferð opinberra mála séu mun strangari en mælt er fyrir um í MSE og þrengja mjög að rétti manna til að áfrýja sakamálum. Telur höfundur ennfremur að dómi í málinu, sem varð kveikjan að þessum greinarskrifum, hefði verið heimilt að áfrýja ef ákvæði laga um meðferð opinberra mála væru í samræmi við MSE. Byggir höfundur þá skoðun sína á því að varla sé hægt að telja það réttarbrot minni háttar, þar sem viðkomandi brotamaður er dæmdur til greiðslu sektar, réttindamissis og að þola upptöku á eignum sínum. Refsingin á jú að endurspegla brotið.

Um viðmiðun á því hvað teljast minni háttar brot telur höfundur eðlilegt að miða við brot þau sem fjallað er um í 115. gr. a. laga nr. 19/1991, en það eru brot sem varða einungis sektum að hámarki kr. 50.000.

Greinarhöfundur fellst auðvitað á að einhverjar takmarkanir verða að vera á heimild manna til þess að áfrýja sakamálum til Hæstaréttar, en telur jafnframt að þær takmarkanir sem nú eru í gildi séu of viðamiklar og ekki í samræmi við 2. gr. 7. samningsviðauka MSE.

Höfundur starfar sem lögmaður hjá Regula-lögmansstofu á Egilsstöðum og var verjandi manna tveggja sem sakfelldir voru í málinu.

Af Merði lögmanni

Merði hafa um ævina oft verið gefin heilræði. Sjaldnast hefur hann þegið þessi heilræði enda er hann allt í senn klár, með mikið sjálfstraust og útskrifaðist sem þriðji efsti úr sínum árgangi í lagadeildinni. Mörður reykir enn, þótt svo að lækjinn hans hafi sagt honum fyrir 15 árum síðan að hann yrði að hætta þessu. Lækninum finnst hann líka of þungur, en í stað þess að léttast hefur Mörður bætt á sig á undanförunum árum. Hann tekur stundum „lán“ af bankareikningi stofunnar, þótt svo að endurskoðandinn hans hafi sagt honum að þetta mætti hann ekki gera og svo mætti lengi telja.

Þegar Mörður útskrifaðist úr lagadeildinni á sínum tíma réði hann sig sem fulltrúa hjá Njáli Þorfinnssyni hrl., sem þá var einn af virtustu lögmönnum landsins. Hann hafði flutt mörg af merkilegri dómsmálum aldarinnar og var á því sviði goðsögn í lifanda lífi. Hann var í traustu sambandi við ráðamenn landsins sem oft leituðu til hans þegar úr vöndu var að ráða. Þá voru helstu athafnamenn með fyrirtæki sín í viðskiptum á skrifstofu Njál's. Njáll var maður samviskusamur og vann myrkranna á milli við að þjóna sínum skjólstaðingum, en er hér var komið við sögu var Njáll rúmlega fimmtugur og orðinn þreyttur á hinu mikla álagi. Hann ákvað því að ráða sér fulltrúa og var Mörður sá fyrsti sem Njáll réði til sín. Njáll var þurr á manninn í fyrstu og fannst Merði sem hann væri að mæla sig út. Annars var Mörður bara nokkuð ánægður með sjálfan sig og fjölskylda hans var líka ánægð með sinn mann.

Mörður var ráðinn til þess að sinna innheimtunni fyrst og fremst, en þó var svo um samið með þeim Njáli að hann fengi önnur verkefni er fram liðu stundir. Stundum var hringt á stofuna þegar Njáll var ekki við og þá varð Mörður að hlaupa í skarðið og veita lögfræðiráðgjöf um hin ólíklegustu mál og fóst honum það vel úr hendi. Meira að segja hafði forsætisráðherra landsins

hringt og Merði tekist að veita honum góð ráð. Að því kom að Njáll kallaði Mörð inn til sín og lét hann heyra hvað skjólstæðingar hans væru ánægðir með fulltrúann. Mörður varð glaður að heyra þetta og bjó sig undir að Njáll byði honum að gerast meðeigandi, enda Mörður búinn að starfa hjá honum í rúm fimm ár. Samtal þeirra fór hins vegar í allt aðra átt, því Njáll sagðist hafa orðið var við að systir Marðar og maður hennar væru tíðir gestir hjá honum á stofunni og spurðist fyrir um hverju það sætti, en hann kannaðist ekki við að þau væru í hópi skjólstæðinga sinna. Mörður upplýsti að mágur hans væri byggingameistari sem hefði verið í umfangsmiklum rekstri og nú væri svo komið fyrirtæki hans væri um það bil komið í þrot og hann hefði eytt umtalsverðum tíma á undanförunum mánuðum í að aðstoða hann og systur sína. Þeir fóru í gegnum skjöl málsins sem fylltu nokkrar möppur. „Þú ert náttúrlega ekkert farinn að rukka þau“, sagði Njáll og varð Mörður að viðurkenna það. Á þessum árum voru lögmenn almennt ekki farnir að skrifa tímaskýrslur, en Mörður vissi sem var að hann hafði eytt tugum ef ekki hundruðum klukkustunda í þetta mál systur sinnar og mágs. „Mig langar til þess að gefa þér heilræði“, sagði Njáll: „Sem lögmaður skalt þú aldrei taka að þér að vinna fyrir þá sem þér þykir vænt um og ekki heldur fyrir þá sem þér þykir vænt um þykir vænt um“. Mörður komst ekki til að segja Njáli frá fleiri málum sem hann hafði tekið að sér fyrir frændur og vini, því Njáll sagði honum fyrirvaralaust upp störfum.

Mörður er löngu búinn að gleyma þessum atburðum, en í framhaldinu setti hann upp sína eigin lögfræðiskrifstofu í félagi við skólabróður sinn úr lagadeildinni. Í dag, tæpum 30 árum síðar, eiga þeir stofuna fimm saman og eru með tvo löglærða fulltrúa og nokkra ritara í vinnu. Mörður hefur í gegnum árin reynt að forðast að vinna að marki fyrir vini og vandamenn, þótt svo að hann einstöku sinnum gefi góð ráð í þessa átt. Ekki var það vegna þess að Njáll heitinn Þorfinnsson sagði þetta við hann um árið, heldur er þetta bara svo augljóst. Einn morguninn kom ritari Marðar alveg miður sín inn á skrifstofu hans og sagði honum að verið væra að bola tvíburabróður sínum út úr fyrirtæki sem hann hafði stofnað. „Hvað getur hann gert?“ Mörður sagðist skyldi líta á málið og boðaði bróðurinn á sinn fund. Bróðirinn, Eiður Alfonsson að nafni, var mjög æstur er hann kom á fund Marðar. Var hann með fjölda tillagna um það hvernig best væri að fara í málið. Hann var með samsæriskenningar um það hvers vegna félagar hans og samstarfsmenn ætluðu sér að losa sig við hann. Merði fannst erfitt að átta sig á málinu og gerði tillögu um að Eiður gerði félögunum tilboð í allt fyrirtækið. Það leist honum engan veginn á, en lagði til að þeir mættu á hluthafafund og gerðu allt vitlaust. Það varð úr og í framhaldinu sat Mörður marga fundi með aðilum málsins, oft langt fram á kvöld. Það fannst engin lausn á málinu og Eiður var orðin þreyttur á úrræðaleyssi Marðar. Nokkru síðar mætti Eiður á skrifstofu Marðar og hellti sér yfir hann og sagðist aldrei hafa hitt aumari ráðgjafa. Mörður fór að velta því fyrir sér þegar Eiður var farinn hvað eiginlega hefði gerst í þessu máli? Hann næði aldrei að rukka fyrir þetta? Það skyldi þó ekki vera að honum þætti svona vænt um Eygló Alfonsdóttur? Hvers vegna skyldi hún hafa sagt upp störfum?

Áhrif EES-samningsins á íslenskan skattarétt



Vala Valtýsdóttir
hdl.

Inntak EES samningsins er hið svokallaða fjórfrelsi, þ.e. frjálst vöruflæði, frjáls för launþega, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar auk samkeppnisreglna. Samningurinn um EES nær því ekki til allra þeirra efnisþátta sem ESB samningurinn tekur til. Þetta á meðal annars við um samræmingu skatta. Þrátt fyrir þetta geta efnisreglur fjórfrelsisins haft áhrif á sett lög og reglur um skatta.

Tílefni þessara skrifa er úrskurður héraðsdómstóls Oslóar (Oslo Tingrett) frá 18. nóvember sl. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sá mismunur sem í því felst að eigendum hlutafjár, sem ekki eru búsettir í Noregi, er gert að sæta afdráttarskatti af arðgreiðslum, gagnstætt því sem við á um þarlendis búsetta, væri í andstöðu við ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Er þessi niðurstaða sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að slík mismunur er einnig viðhöfð hér á landi.

I Nýlegur norskur héraðsdómur

Í Noregi er sérstök frádráttarregla heimiluð til að koma í veg fyrir tvísköttun arðstekna hjá innlendum félögum, þannig að skattlagning móttækinnar arðgreiðslu er engin.

Hér á landi er svipað kerfi, þannig að móttækinnar arður frá félögum er frádráttarbær frá tekjum og því skattlagning slíkra tekna engin.

Norski dómurinn

Nokkrir erlendir fjárfestingabankar „parkeruðu“ hlutabréfum sínum í stuttan tíma í ýmsum norskum félögum, þ.e. stuttu áður en aðalfundur var haldinn í félögunum, sem greiddu út arðinn, seldu erlendu bankarnir hluti sína í innlendu bönkunum til innlendra félaga, þó þannig að þeir áttu rétt á að kaupa af þeim aftur sem þeir gerðu stuttu eftir að arðgreiðsla fór fram. Þannig komust þeir hjá afdráttarskatti af arðgreiðslum.

Skattyfirvöld töldu að bönkunum hefði borið skylda til að halda eftir afdráttarskatti samkvæmt tvísköttunarsamningi við Pýskaland og Bretland og var litið framhjá kaup- og sölugerningum um hlutabréfin.

Niðurstaða dómsins var hins vegar að ákvæði skattalaga um 25% afdráttarskatt af arði, greiddum til aðila sem eru heimilisfastir utan Noregs, brjóti í bága við 40. gr. EES samningsins sem hljóðar þannig:

40. gr. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunur, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

Dómurinn byggði öðrum þræði á Verkooijen málinu (C- 35/98) þar sem niðurstaðan var sú að tekjuskattsundanþága vegna arðstekna, sem ein-skorðaðist við arð frá innlendum félögum, væri brot á EES-samningnum um frjálst flæði fjármagns.

Dómurinn tók enn fremur fram að ekki skipti máli hvort tvísköttunarsamningar væru milli ríkja eða hvort reglur í heimalandi leiddu til frádráttar skattsins og benti á að ekki væru tvísköttunarsamningar við öll EES löndin þar sem frádráttur væri í heimalandi.

Verkooijen málið – forúrskurður – Hæstiréttur Hollands óskaði eftir forúrskurði.

Málið fjallaði um einstakling sem móttók arðgreiðslu frá erlendu dótturfélagi staðsettu í aðildarríki ESB. Samkvæmt skattalögum voru einstaklingar undanþegnir skatti af arði sem nam 1000 gyllinum eða minna en 2000 gyllinum fyrir hjón. Við álagningu var lagður skattur á alla arðgreiðsl-

una sem nam rúmum 2000 gyllinum þar sem arðgreiðslan var frá erlendu félagi en ekki innlendu. Samkvæmt forúrskurði Evrópudómstólsins braut slík niðurstaða ákvæði samningsins um frjálst flæði fjármagns milli aðildarríkja.

Norska málinu hefur verið áfrýjað til næsta dómstígs en fyrir liggur sambærilegt mál hjá Frosting Lagmannsrett þar sem aðalmeðferð er á dagskrá nú í vor. Það liggur fyrir að norsk stjórnvöld munu óska eftir ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins um hvort umrædd skattaákvæði teljist brot á EES-samningnum. Því máli sem ég hef reifað hér að framan verður því frestað þar til það álit liggur fyrir.

II Getur norsk dómurinn haft áhrif á íslenskan rétt?

Þar sem Ísland er aðili að EES-samningnum, eins og Noregur, gæti niðurstaða ráðgefandi álits í samræmi við niðurstöðu norska dómsins haft óbein áhrif hér á landi. Ætla má að slík niðurstaða yrði til þess að skattaðilar stefndu málum inn til að fá sömu eða samskonar niðurstöðu. Einnig mætti hugsa sér að íslensk stjórnvöld teldu sér rétt að leggja til breytingar á skattalögum í þá átt að eyða umræddri mismunun eftir búsetu.

Í 1. gr. laga nr. 21/1994 um öflun álits EFTA dómstólsins er að finna heimild fyrir íslenska dómstóla til að óska ráðgefandi álits. Bæði hér- aðsdómur og Hæstiréttur geta óskað eftir ráðgefandi áliti hvort sem er að kröfu aðila máls eða dómari telur þess þörf án kröfu.

III Er mismunur á skattalegri meðferð arðs eftir búsetu brot á EES- samningnum ?

Hver er mismunur á skattalegri meðferð á greiðslu arðs til félaga skráðra hér á landi og félaga með heimilisfesti utan Íslands? Móttekinn arður er frádráttarbær hér á landi þannig að ekki er um skattlagningu að ræða þó að vísu sé 10% afdráttarskattur af greiddum arði sem er endurkræfur í álagningu. Hins vegar er meginreglan sú að afdráttarskattur af arði greiddum erlendum félögum er 15%, sbr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt of eignarskatt, sbr. A-liður 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þess má þó geta að ef tvísköttunarsamningur er fyrir hendi þá getur afdráttarskatturinn verið frá 0 og upp í 15%. Vegna þessa má álykta að þessi meðferð brjóti í bága við ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns milli aðildarríkja, sbr. 40. gr. samningsins.

IV Hefur tekjuskattslögum verið breytt til að fullnægja samnings-skuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins?

Á sínum tíma voru sett inn í tekjuskattslög ákvæði um skattaafslátt til handa einstaklingum sem fjárfestu í hlutabréfum í íslenskum félögum, sbr. 1. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003. Í byrjun árs 2000 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á ýmsum ákvæðum tekjuskattslaga. Í meðförum þingsins, þ.e. með nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar var lagt til að hlutafélög þurfi ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands heldur í kauphöll á evrópska efnahagssvæðinu til að uppfylla skilyrði um skattaafslátt. Skýring þessa var sú að breytingin væri nauðsynleg til að fullnægja samnings-skuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins. Ekki eru frekari skýringar á því hvaða samnings-skuldbindingar er átt við en gera má ráð fyrir að þingmenn hafi haft í huga ákvæði samningsins um frjálst flæði fjármagns milli aðildarlanda.

Því er skemmt frá að segja að umrædd breytingartillaga frá meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar var samþykkt.

V Lokaorð

Að lokum skal tekið fram að norska fjármálaráðuneytið afhenti norska þinginu skýrslu þann 26. mars sl. þar sem lagt er til að félög verði undanþeginn skatti af arði og söluhagnaði hlutafjár.

Í skýrslunni er lagt til að meðhöndlun fjárfestinga verði eins að því er varðar fjárfestingu norskra borgara innan EES og annarra borgara EES landanna. Því muni undanþágan vegna arðs og söluhagnaðar eiga við óháð því hvort um er að ræða hlutafjäreign í norsku félagi eða öðru félagi innan EES. Til samræmis er lagt til að afdráttarskattur af arði verði lagður niður þegar félög innan EES eiga í hlut.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er ljóst að kanna verður sérstaklega við rekstur mála er varða skattlagningu milli landa innan EES hvort geti verið um brot á samningnum að ræða, sér í lagi er varðar ákvæði hans um frjálsa fjármagnsflutninga.



Hið konunglega meistaramót LMFÍ í knattspyrnu innan húss 2004



AM United varð í öðru sæti en hefðu fengið fyrstu verðlaun – ef þau hefðu verið veitt – fyrir smekklega búningahönnun.

Miðvikudaginn 19. maí 2004 öttu félagsmenn LMFÍ kappi saman í sparki innan húss. Var þetta í tífunda skiptið sem mótið fór fram og er ótrúlegt hvað félagsmenn (sumir) eldast vel. Sex lið mættu til leiks sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Lið Reynslu og Léttleika, sem vann bikarinn til eignar á síðasta ári, mætti ekki til leiks í fyrsta skipti í sögu mótsins og varð þar skarð fyrir skildi. Fyrir mótið hafði lið RogL sigrað samtals fimm sinnum í mótinu, lið Grínarafélagsins þrisvar og lið Markarinnar einu sinni.

Úrslit einstakra leikja:

LOGOS	-	Grínarafélagið	1-3
AM Utd.	-	KF Þruman	1-0
Mörkin+	-	FC Bankó	5-2
LOGOS	-	Mörkin+	0-3
FC Bankó	-	KF Þruman	1-0
AMU	-	Grínarafélagið	0-1
LOGOS	-	KF Þruman	2-4
FC Bankó	-	AMU	2-3
Mörkin+	-	Grínarafélagið	3-4
Mörkin+	-	KF Thunder	3-5
AMU	-	LOGOS	4-1
Grínarafélagið	-	FC Bankó	8-1
FC Bankó	-	LOGOS	5-3
KF Þruman	-	Grínarafélagið	2-2
AMU	-	Mörkin+	4-1

Í mótslok voru afhent verðlaun og tók lið Grínarafélagsins á móti nýjum bikar, hinum konunglega bikar meistaramóts LMFÍ. Það þótti því við hæfi að kammerjómfrú hins konunglega fjelags á Íslandi afhenti bikarinn og tókst henni það með sóma!

Mótið var hið fjörlegasta og virtist stefna í einvígi milli AM Utd., Markarinnar og Grínarafélagsins um fyrsta sætið. Lið KF Þrumunnar byrjaði með tveimur tapleikjum en aldursforsetarnir síföngu sýndu í lokin hvað í þeim bjó með því að ná þriðja sætinu með glæsilegum endaspretti. Lið FC Bankó átti góða spretti, en mættu aðeins fjórir til leiks. LOGOS tókst að tapa öllum sínum leikjum þrátt fyrir að liðið teldist nokkuð sterkt á „pappírnum“, en hvað er pappír án penna heyrðist einn áhorfandinn segja!

Enduðu leikar svo að lið Grínarafélagsins bar sigur úr þítum. Liðið átti nokkuð jafna leiki en átti sem fyrr í vandræðum með lið Þrumunnar. Lið Grínarafélagsins gerði nokkru fyrir mótið samning við Guðna Bergsson verðandi hdl., en að þessu sinni komst Guðni ekki í liðið og er ljóst að hann verður að æfa betur fyrir næsta mót ætli hann sér sæti í liðinu.

Lið AM United kom sterkt til leiks og endaði stigi á eftir sigurvegurum mótsins. Liðið er skipað yngri mönnum, en með eldri og reyndari menn á borð við Hróbjart Jónatansson og Davíð Gíslason sér til halds og trausts.

Að endingu var lokastaðan í mótinu:

1. Grínarafélagið	4 1 0	18:7	+11	13
2. AM United	4 0 1	12:5	+7	12
3. KF Þruman	2 1 2	11:9	+2	7
4. Mörkin+	2 0 3	15:15	0	6
5. FC Bankó	2 0 3	11:19	-8	6
6. LOGOS	0 0 6	7:19	-12	0

Reynsla af málflutningi við val á dómurum

Þar sem ég er tilnefnd af stjórn Lögmannafélags Íslands í dómnefnd samkvæmt 12. gr. dómstólalaga tel ég rétt, vegna greinar Daggar Pálsdóttur hrl. í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins, að blaðið birti verklagsreglur þær sem nefndin vinnur eftir við mat sitt á umsækjendum. Reglur þessar hefur nefndin sjálf sett sér til viðbótar þeim leiðbeiningum sem dómstólalög nr. 15/1998 og reglugerð nr. 693/1999 veita. Þessar verklagsreglur eru sendar öllum umsækjendum til kynningar þegar í upphafi starfa nefndarinnar í hvert skipti. Að öðru leyti mun ég ekki fjalla um grein Daggar.

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Verklagsreglur

við mat á umsóknum um embætti
héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 12.
gr. laga nr. 15/1998

Grundvöllur þessara reglna er 3.mgr. 4.gr. reglna nr. 693/1999 um störf nefndar samkvæmt 3.mgr. 12.gr. laga nr. 15/1998.

Nefndin mun í mati sínu taka einkum tillit til eftirtalinnna atriða:

Formleg skilyrði

Samkvæmt 2.mgr. 12.gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla þarf umsækjandi að uppfylla þar til greind skilyrði til þess að fá skipun í embætti.

Starfsreynsla

Auk þess að uppfylla hin formlegu skilyrði mun nefndin miða við, að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta reynslu af lögfræðistörfum og/eða öðrum störfum. Viðtæk þátttaka í félagsstarfi yrði að jafnaði metin umsækjanda til aukins gildis.

Fræðileg þekking

Við það er miðað, að umsækjandi hafi staðgöða þekkingu í lögfræði. Akjósanlegt er, að hann hafi hlotið 1. eða góða 2. einkunn á embættisprófi. Framhaldsnám eða starfsnám hérlendis sem erlendis gefur umsókn aukid vægi. Þátttaka í endurmenntunarnámskeiðum og starfsemi fræðafélaga verður talin vísbending um, að umsækjandi hafi gert sér far um að halda við þekkingu sinni.

Almenn starfshæfni

Þar sem dómari þarf að sýna sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í störfum, verður metið hvort umsækjandi sé þeim hæfileikum búinn. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa. Þar sem reynsla af vinnu við tölvu (ritvinnsla, heimildaleit) er nánast nauðsynlegt við vinnu á nútímadómstól, verður litið til þess. Umsækjandi verður að hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Sérstök starfshæfni

Miklu skiptir að umsækjandi hafi bæði einkamála- og opinbert réttarfar á valdi sínu og fari að fyrimælum

laga um samningu dóma og riti þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin fljótt og með öryggi. Mikilvægt er að umsækjandi geti tileinkað sér breytingar á starfsháttum, svo sem vegna breytinga á lögum eða reglum. Þá er æskilegt að hann geti átt frumkvæði að því að þróa og bæta starfsemi og skipulag réttarins innan ramma gildandi reglna á hverjum tíma.

Persónuleiki

Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Ætlast er til þess, að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant. Æskilegt er að umsækjandi treysti sér til að hafa samskipti við fjölmiðla og hann verður að þola umfjöllun þeirra og annarra um mál sem hann fer með án þess að láta utanaðkomandi hafa áhrif á störf sín.

Rannsókn nefndarinnar

Í samræmi við 4.mgr. 4.gr. reglna nr. 693/1999, getur umsækjandi vænst þess að nefndin boði hann í viðtal til þess að afla frekari skýringa.

Fylgigögn

Fyrir nefndinni þurfa að liggja helstu upplýsingar um umsækjandann. Umsækjandi skal gefa upp nöfn 2-3 manna, sem geta gefið umsögn um hæfileika hans og eiginleika. Eftirfarandi gögn skulu liggja fyrir eftir því sem við á:

1. Ljósrit prófskírteinis úr lagadeild
2. Ljósrit framhaldsnámsprófskírteina
3. Ljósrit vottorða um þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum
4. Vottorð um starfsnám
5. Sakavottorð
6. Ljósrit verkefna í lögfræði, t.d. af tímaritsgreinum, stefnum, greinargerðum, álitargerðum, úrskudum eða dómum.
7. Önnur gögn sem umsækjandi telur skipt geti máli varðandi hæfnismat um hann.

Þannig gert á fundi nefndar þann 22. mars 2001.

Haraldur Henrysson, formaður
Sigríður Ingvarsdóttir
Jakob R. Möller



Sif Konráðsdóttir hrl., formaður málflutningsklúbbsins Club Lögberg, er að vonum stolt af sínu fólki og segir það verða spennandi að fylgjast með málflutningnum í dómhúsinu laugardaginn 12. júní. Hér sést hún með Héraðsdóm Reykjavíkur í baksýn. Ljósmyndari: Alda Sverrisdóttir.

Norræna málflutningskeppnin:

Málflutningsklúbburinn Lögberg með hæstu stig fyrir greinargerð varnar

Norræna málflutningskeppnin er nú haldin í 20. sinn og fer hún fram í Reykjavík dagana 11. til 13. júní. Væntanlegir eru 70 laganemar, lögmenn og aðrir lögfræðingar úr málflutningsklúbbum, sem keppa munu í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg 12. júní og í dómhúsi Hæstaréttar 13. júní. Dómendur eru dómarafrá Mannréttindadómstól Evrópu og hæstaréttardómarafrá öllum Norðurlöndunum. Málflutningsliðin hafa skilað greinargerðum og gefnar hafa verið einkunnir fyrir þær. Að þessu sinni voru íslenski málflutningsklúbburinn, Club Lögberg, og klúbburinn frá Bergen með hæstu samanlögðu stigin og Club Lögberg með hæstu einkunn fyrir greinargerð varnar. Málflutningurinn í Héraðsdómi Reykjavíkur laugardaginn 12. júní er öllum opin.



Námsferð til Rómar

6.-10. október 2004

Félagsdeild LMFÍ efnir til námsferðar til Rómar dagana 6.-10. október 2004.

Að þessu sinni verður námsferðin með sögulegu ívafi á slóðum Rómverja og Rómarréttarins. Stórkostleg byggingarlist, myndlist og árþúsunda saga Rómara heillar alla sem þangað koma.

Nánari dagskrá verður kynnt síðar en stefnt er að því að kynnast réttarkerfi landsins, sögu Rómar, hitta kollega og fleira.

Á meðfylgjandi verðskrá er einungis gert ráð fyrir flugi og gistingu með morgunverði. Hvorki flugvallarskattur né ferðir til og frá flugvelli eru innifaldar. Vegna dagskrár LMFÍ verða þátttakendur síðar rúkaðir um sérstakt aukagjald, m.a. vegna rútuferða, sameiginlegrar kvöldmálriðar o.fl. Ferðin er farin á vegum Heimsferða. Staðfestingargjald er kr. 10.000,- og greiðist fyrir 15. júní.

Stgr.verð:

m.v. 1 í herbergi		
m/morgunmat	kr. 77.600
m.v. 2 í herbergi		
m/morgunmat	kr. 66.800
m.v. 3 í herbergi		
m/morgunmat	kr. 66.800

Vinsamlegast sendið upplýsingar um nafn, heimili, kennitölu, síma og hverjir verða saman í herbergi til Eyrúnar Ingadóttur, eyrun@lmfi.is.

Athugið að LMFÍ hefur takmarkaðan sætafjölda, svo fyrstir koma, fyrstir fá.

Skráning stendur til 8. júní.

f.h. félagsdeildar LMFÍ
Eyrún Ingadóttir

VEÐBÖND.IS

– NÝR VEFUR FYRIR VEÐBÖND FASTEIGNA OG ÖKUTÆKJA



ÖRUGG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Vegna breytinga á veðbandakerfi dómsmálaráðuneytisins verður núverandi fyrirkomulag á aðgengi fyrirtækja að veðbandaupplýsingum lagt niður í áföngum.

Breytingarnar taka gildi á þessu ári skv. eftirfarandi áætlun: Hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði 27. febrúar, Sýslumanninum á Ísafirði 12. mars og Sýslumanninum í Reykjavík 19. mars.

Veðbandayfirlit fasteigna og lausafjár hefur verið skilið í sundur með fyrrgreindum breytingum á umræddu kerfi.

Áfram verða sömu upplýsingar veittar á Internetinu, en nú gegnum nýjan vef, vedbond.is. Um er að ræða nýja tengileið á Internetinu með betra viðmóti en áður.

Sömu reglur um aðgangsheimildir munu gilda áfram og þarf viðkomandi fyrirtæki að nafngreina þá notendur sem skulu fá aðgang og senda með tölvupósti á vedbond@skyr.is.

Umræddar breytingar eru gerðar með það að markmiði að upplýsingar um veðbönd allra fasteigna á Íslandi fái stað. Þeir sem fá aðgang að þessari þjónustu eru skilgreindir í reglugerð um þinglýsingar.

Skýrr er eitt öflugasta þekkingarfyrirtæki Íslands. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið er sölu- og þjónustuaðili Oracle Corp., Business Objects, VeriSign og Cambio á Íslandi. Hjá samstæðunni starfa um 200 manns. Viðskiptavinir Skýrr eru um 2.200 talsins og meðal þeirra eru mörg stærstu fyrirtæki landsins, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg. Örugg miðlun upplýsinga er kjarnastarfsemi Skýrr.

